

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2017/EES/68/01	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 204/16/COL frá 23. nóvember 2016 varðandi meinta, ólöglega ríkisaðstoð við Íslandsbanka hf. og Arion banka hf. með lánsamningum á meintum ívilnandi kjörum	1
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/68/02	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8518 – MDP/HPS/Nevada/Towergate) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	16
2017/EES/68/03	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8586 – TPC/JSR/UMG/UBE/MR) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	17
2017/EES/68/04	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8640 – CVC/Blackstone/Paysafe)	18
2017/EES/68/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8644 – AXA/NN Group/Portfolio) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	19
2017/EES/68/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8671 – BP/Bridas/Axion) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	20
2017/EES/68/07	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8453 – Nestlé/BPW)	21
2017/EES/68/08	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8481 – ABP Food Group/Fane Valley/Linden Foods)	21

2017/EES/68/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8608 – ENGIE/La Caisse des Dépôts et consignations/CEOLFALRAM76)	22
2017/EES/68/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8623 – Borealis/OTPP/SSE/Maple)	22
2017/EES/68/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8646 – Platinum/Pattonair)	23
2017/EES/68/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8659 – Equistone Partners Europe SAS/Groupe Bruneau)	23
2017/EES/68/13	Upphaf málsmeðferðar (mál M.8547 – Celanese/Blackstone/JV)	24
2017/EES/68/14	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. mars 2017 þar sem lýst er yfir að samruni fyrirtækja samræmist innri markaðnum og framkvæmd EES-samningsins (mál M.7932 – Dow/DuPont)	24
2017/EES/68/15	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Breyting á almannaþjónustukvöðum í tengslum við áætlunarflug	25
2017/EES/68/16	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	25
2017/EES/68/17	Auglýst eftir tillögum EACEA/27/2017 samkvæmt áætluninni Erasmus+ Lykilaðgerð 3 – Stuðningur við umbætur á stefnumálum – Sameiginleg menntun og hæfi við starfsmenntun og starfsþjálfun	26
2017/EES/68/18	Auglýst eftir tillögum EACEA/26/2017 Áætlunin Erasmus+, lykilaðgerð 3 – Stuðningur við umbætur á stefnumálum – Samstarf við borgaraleg samtök á sviði menntunar og þjálfunar og æskulýðsstarfs	29

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2017/EES/68/01

nr. 204/16/COL

frá 23. nóvember 2016

varðandi meinta, ólöglega ríkisaðstoð við Íslandsbanka hf. og Arion banka hf. með lánsamningum á meintum ívilnandi kjörum

(Ísland)

[Án trúnaðarupplýsinga]

[Upplýsingar innan hornklofa falla undir þagnarskyldu]

Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið neðangreinda ákvörðun,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 61. gr. og bókunar 26 við samninginn,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,

með vísan til bókunar 3 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („bókun 3“), einkum 2. mgr. 7. gr. og 13. gr. II. hluta,

eftir að hafa leitað eftir athugasemdum hagsmunaaðila og að teknu tilliti til athugasemda sem borist hafa,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Málsmeðferð

- Hinn 23. september 2013 barst Eftirlitsstofnun EFTA kvörtun um meinta, ólöglega ríkisaðstoð sem Seðlabanki Íslands hefði veitt Íslandsbanka hf. („Íslandsbanka“) og Arion banka hf. („Arion“) með hagstæðum vaxtakjörum á langtímafjármögnun. ⁽¹⁾
- Eftirlitsstofnun EFTA sendi stjórnvöldum á Íslandi bréf dagsett 23. október 2013 með beiðni um upplýsingar ⁽²⁾ sem stjórnvöld á Íslandi svöruðu 17. janúar 2014. ⁽³⁾ Málið var í framhaldinu rætt á fundi milli fulltrúa Eftirlitsstofnunarinnar og stjórnvalda á Íslandi í Reykjavík í maí 2014. Viðræðunum var fylgt eftir með bréfi, sem var dagsett 5. júní 2014. ⁽⁴⁾ Málið var aftur rætt á fundi milli fulltrúa Eftirlitsstofnunarinnar og stjórnvalda á Íslandi, þ.m.t. fulltrúa frá Seðlabanka Íslands, í Reykjavík í febrúar 2015. Þessum viðræðum var fylgt eftir með bréfi dagsettu 24. febrúar 2015 ⁽⁵⁾ sem stjórnvöld á Íslandi svöruðu 1. apríl 2015. ⁽⁶⁾
- Eftirlitsstofnun EFTA hóf formlega rannsókn með ákvörðun nr. 208/15/COL frá 20. maí 2015 á meintri, ólöglegri ríkisaðstoð við Íslandsbanka og Arion banka með samningum um skuldbreytingu lána á meintum ívilnandi kjörum. Stjórnvöld á Íslandi gerðu athugasemdir við

⁽¹⁾ Skjal nr. 684053.

⁽²⁾ Skjal nr. 685741.

⁽³⁾ Í svarinu frá stjórnvöldum á Íslandi var að finna bréf frá Seðlabanka Íslands (skjal nr. 696093), Íslandsbanka (skjal nr. 696092) og Arion (skjal nr. 696089).

⁽⁴⁾ Skjal nr. 709261.

⁽⁵⁾ Skjal nr. 745267.

⁽⁶⁾ Í svarinu frá stjórnvöldum á Íslandi var að finna bréf frá Seðlabanka Íslands (skjal nr. 753104) og Arion (skjal nr. 753101).

ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA með bréfi dagsettu 28. ágúst 2015 ⁽⁷⁾. Eftirlitsstofnun EFTA bærust sama dag einnig athugasemdir frá öðrum meinta aðstoðarþegnum, þ.e. Arion banka. ⁽⁸⁾

- 4) Hinn 24. september 2015 var ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau. ⁽⁹⁾ Seðlabanki Íslands lagði fram athugasemdir við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn með bréfi dagsettu 5. október 2015. ⁽¹⁰⁾
- 5) Með bréfi dagsettu 14. júní 2016 óskaði Eftirlitsstofnun EFTA eftir frekari upplýsingum frá Seðlabanka Íslands, Íslandsbanka og Arion. ⁽¹¹⁾ Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram umbeðnar upplýsingar með bréfi 20. september 2016. ⁽¹²⁾

2. Lýsing á ráðstöfununum

2.1 Forsaga

- 6) Umræddar ráðstafanir tengjast veð- og verðbréfalánveitingum Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands, sem seðlabanki og lánveitandi til þrautavara og í samræmi við peningastefnu annarra seðlabanka, veitir fjármálafyrirtækjum lánaþingreiðslu til skamms tíma í formi veðlána, í samræmi við reglur Seðlabankans þar að lútandi. Fjármálafyrirtækjum er heimilt að óska eftir daglánum eða sjö daga lánum gegn tryggingum sem Seðlabankinn metur hæfar.
- 7) Veðlán jukust jafnt og þétt á árunum 2007 og 2008 og fengu fjármálafyrirtækin verulegan hluta lausafjár síns frá Seðlabanka Íslands. Veðlánin náðu hámarki 1. október 2008 rétt fyrir hrun bankanna þegar Seðlabankinn hafði lánaði fjármálafyrirtækjum 520 milljarða íslenskra króna. Þegar viðskiptabankarnir þrír (Landsbankinn, Glitnir og Kaupþing) féllu í október 2008 hafði Seðlabanki Íslands því eignast umtalsverðar kröfur í þessi innlendu fjármálafyrirtæki, sem voru tryggðar með veði af ýmsum gerðum. Á þeim tíma voru næstum því 42% af veðlánaheimild Seðlabankans ríkistryggð verðbréf eða eignavarin verðbréf en um 58% hinna undirliggjandi veða samanstóðu af skuldabréfum útgefnum af Glitni, Kaupþingi og Landsbankanum. ⁽¹³⁾

2.2 Lánsamningur við Íslandsbanka

- 8) Þegar Glitnir féll árið 2008 féllu kröfur Seðlabankans í gjalddaga, sem leiddi til þess að Seðlabankinn varð kröfuhafi hins fallna banka. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í október 2008 voru að meginreglu til allar innlendar eignir og skuldir (fyrir utan sérstaklega undanskildar eignir og skuldir) Glitnis fluttar yfir til Íslandsbanka, þ.m.t. útistandandi skuldir Glitnis við Seðlabankann, sem námu um það bil 55,6 milljörðum íslenskra króna, og þ.m.t., óbeint, eignarhald á veðunum sem stóðu að baki (húsnæðislánasafninu). ⁽¹⁴⁾

⁽⁷⁾ Skjal nr. 771173.

⁽⁸⁾ Skjal nr. 771174.

⁽⁹⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 208/15/COL frá 20. maí 2015 varðandi meinta, ólöglega ríkisaðstoð við Íslandsbanka hf. og Arion banka hf. með samningum um skuldbreytingu lána á meintum ívilnandi kjörum („ákvörðun nr. 208/15/COL“) (Stjtið. ESB C 316, 24.9.2015, bls. 6 og EES-viðbætur nr. 57, 24.9.2015, bls. 1). Skjalið er að finna á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/media/esa-docs/physical/208-15-COL.pdf>.

⁽¹⁰⁾ Skjal nr. 775870.

⁽¹¹⁾ Skjal nr. 808042.

⁽¹²⁾ Skjöl nr. 819287, 819289, 819291, 819293 og 819295.

⁽¹³⁾ Yfirlit yfir þróun veðlána er í ársskýrslu Seðlabankans frá 2008, á bls. 9–11, sem er að finna á: <http://www.seðlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7076>

⁽¹⁴⁾ Glitnir hafði sett saman sértryggðan skuldabréfaflokk, en samkvæmt honum var sjóði Glitnis banka (GLB) selt húsnæðislánasafin og bankinn ábyrgðist svo skuldabréfin (skuldbindingar Glitnis) sem voru gefin út samkvæmt sértryggða skuldabréfaflokknum. Sértryggðu skuldabréfin voru ekki seld fjárfestum heldur voru þau notuð sem trygging í endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann. Með ákvörðun FME hinn 14. október 2008 voru m.a. öll einingabréf í sjóðnum yfirfærð til Íslandsbanka. Seðlabanki Íslands átti sértryggðu, útistandandi skuldabréfin sem tryggingu fyrir útistandandi skuldum Glitnis við Seðlabankann, en þeim hefur nú verið ráðstafað til Íslandsbanka og voru að verðmæti um það bil 55 milljarða íslenskra króna þegar FME tók ákvörðunina. Íslandsbanki átti að reka sjóðinn og standa við allar greiðslur af upphaflegu skuldinni til að vernda eignirnar (húsnæðislánasafnið) og greiða gjöld til allra upphaflegra aðila að lánsamningnum. Í ljósi þess fyrirsjáanlega kostnaðar og flækjustigs sem fólst í rekstri sjóðsins og greiðslum af lánum í gegnum sjóðinn leitaði Íslandsbanki eftir því að endursema um skuldina við Seðlabankann til þess m.a. að framlengja lánstímann.

- 9) Þar eð skuldin við Seðlabankann samanstóð af veðtryggðum skammtímalánum hefði tafarlaus endurgreiðsla haft alvarleg áhrif á lausafjárstöðu Íslandsbanka og hún hefði getað ógnað endurskipulagningu bankans. Samkvæmt Seðlabankanum hefði hinn kosturinn í stöðunni verið sá að Seðlabankinn innheimti skuldina en það hefði leitt til þess að húsnæðislánasafnið hefði endað hjá Seðlabankanum. Vandasamt hefði verið fyrir seðlabanka að hafa umsjón með því. Á þessum tíma var auk þess ekki talið að unnt væri að selja húsnæðislánasafnið vegna fjármálakreppunnar og þess hve fáir mögulegir kaupendur voru á markaði.
- 10) Íslandsbanki leitaði því eftir því að endursejja um skuldir sínar við Seðlabankann til þess að umbreyta þeim í langtímaskuldir með eðlilegum afborgunum til að koma í veg fyrir frekari neikvæð áhrif á lausafjárstöðu Íslandsbanka. Samkvæmt samkomulagi að loknum samningaviðræðum milli Íslandsbanka og Seðlabankans hinn 11. september 2009 gaf Íslandsbanki út sjálfstætt skuldabréf til Seðlabankans að verðmæti 55,6 milljarðar íslenskra króna. Skuldabréfið var eignavarið með sama, eða áþekku, húsnæðislánasafni og sértryggtu skuldabréfin sem Glitnir hafði áður gefið út. Skuldabréfið er yfirverðtryggt en veðhlutfallið er 70%. ⁽¹⁵⁾ Skuldabréfið, sem ber 4,5% vísitölubundna vexti (þ.e. neyslurverðsvísitölu), er til tíu ára.

2.3 Lánssamningur við Arion

- 11) Í október 2008 var orðið ljóst að ekki yrði lengur unnt að bjarga Kaupþingi og FME tók rekstur bankans því yfir. Í samræmi við lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. („neyðarlögin“), sem voru sett 6. október 2008, ákvað Fjármálaeftirlitið að skipta Kaupþingi í gamlan og nýjan banka. Nýi bankinn, sem síðar varð að Arion banka, tók að meginreglu til yfir mestallar innlendar eignir og skuldir. Tryggðar skuldir gagnvart Seðlabankanum og veð fyrir þeim, þ.m.t. íbúðalánasafnið, voru hins vegar ekki flutt yfir. ⁽¹⁶⁾ Gamli bankinn var settur í umsjón skilaneftar og fór síðar í slitameðferð með það að markmiði að hann hætti að lokum allri starfsemi.
- 12) Hinn 3. september 2009 gerðu Kaupþing, ríkisstjórnin og Arion banki með sér samkomulag um fjármögnun Arion banka og grundvöll fyrir bótagreiðslum frá Kaupþingi til Arion banka („fjármögnunarsamningur Kaupþings“). Samkvæmt samningnum átti Kaupþing þess kost að yfirtaka stjórn Arion banka með því að skrá sig fyrir nýju hlutafé og átti að greiða fyrir nýja hlutaféð með eignum gamla bankans (þ.e. þeim eignum sem höfðu ekki verið fluttar yfir í samræmi við ofangreinda ákvörðun Fjármálaeftirlitsins).
- 13) Áður en Kaupþing gæti ákveðið hvort bankinn yfirtæki meirihluta í Arion þurfti að ná samkomulagi við Seðlabankann um uppgjör útistandandi krafna þar eð hluti þeirra eigna sem nota þurfti til að greiða fyrir nýja hlutaféð hafði verið settur að veði fyrir lánum sem Seðlabankinn veitti Kaupþingi, þ.m.t. íbúðalánasafnið. Hinn 30. nóvember 2009 gerðu Fjármálaráðuneytið, Seðlabankinn og skilaneftnd Kaupþings því með sér samkomulag um uppgjör krafna Seðlabankans til Kaupþings („uppgjörssamkomulagið“). Í 3. grein uppgjörssamkomulagsins var rætt um uppgjör daglána og þar féllust samningsaðilar á að Arion banki tæki á sig skuldir Kaupþings við Seðlabankann með útgáfu skuldabréfs að fjárhæð u.þ.b. [...] milljarða íslenskra króna á tilteknu formi sem fylgdi samningnum sem II. viðauki og Seðlabankinn flytti hins vegar húsnæðislánasafnið aftur til Arion banka.
- 14) Arion banki og Seðlabankinn gerðu lánssamning sín á milli 22. janúar 2010 sem er samkvæmt Seðlabankanum og Arion banka formleg framfylgd 3. gr. uppgjörssamkomulagsins og fjármögnunarsamkomulagsins, þ.e. þegar kröfuhafar Kaupþings eignuðust Arion banka. Lánssamningurinn kom í stað framangreinds skuldabréfs. Skilmálar skuldabréfsins komu efnislega fram í lánssamningnum nema hvað nafnverðsfjárhæðin var tilgreind í evrum, Bandaríkjadöllum og svissneskum frönskum en ekki íslenskum krónum. Breytingin á nafnverðseiningunni var í samræmi við skilmála uppgjörssamkomulagsins sem kvað á um að Arion banka bæri að greiða vexti og afborganir í erlendum gjaldmiðlum að því marki sem hann gæti þrátt fyrir nafnverðseiningu höfuðstólsins. Í uppgjörssamkomulaginu var einnig mælt fyrir um að Arion banki skyldi leggja fram skriflega og rökstudda umsókn til Seðlabankans gæti hann ekki greitt með erlendum gjaldmiðlum og óskaði þess í stað eftir því að greiða í íslenskum krónum.

⁽¹⁵⁾ Veðhlutfall er hugtak í fjármálum sem lánveitendur nota til að lýsa hlutfalli milli veitts láns og virðis keyptrar eignar.

⁽¹⁶⁾ Sjá skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, bls. 13–17. Er að finna á eftirfarandi vefslóð: <http://www.althingi.is/alttext/pdf/139/s/1213.pdf>.

- 15) Í lánsamningnum var kveðið á um lán til sjö ára, með möguleika á framlengingu tvisvar sinnum til þriggja ára í senn, að fjárhæð [...] milljónir evra, [...] milljónir Bandaríkjadala og [...] milljónir svissneskra franka. Arion var heimilt að breyta samsetningu gjaldmiðla endurgreiðslu lánsins. Vaxtagjöldin voru EURIBOR/LIBOR + 300 grunnpunktar. Íbúðalánasafn Arion var sett inn sem veð hjá Seðlabanka Íslands.

3. Kvörtunin

- 16) Samkvæmt kvartanda lagði Eftirlitsstofnun EFTA ekki mat á lánsamningana milli Íslandsbanka og Arion og Seðlabankans í ákvörðun sinni um að heimila aðstoð til endurskipulagningar hjá Íslandsbanka og Arion. ⁽¹⁷⁾ Þar eð ekki var tekið á ráðstöfununum í þessum málum telur kvartandi mikilvægt að fá álit Eftirlitsstofnunar EFTA á i) hvort þessar viðbætur við meintu aðstoðarráðstafanirnar samrýmist EES-samningnum og ii) afleiðingar þess að stjórnvöldum á Íslandi láðist að tilkynna um þessar ráðstafanir.
- 17) Kvartandi heldur því fram að á þeim tíma sem Seðlabankinn gerði lánsamningana við Arion og Íslandsbanka hafi öðrum bönkum á Íslandi ekki boðist slík fjármögnun frá Seðlabankanum eða öðrum opinberum aðilum. Kvartandi heldur því þar af leiðandi fram að aðstoðin hafi verið sértæk þar eð hún var eingöngu veitt tilteknum fjármálafyrirtækjum sem áttu í samkeppni á íslenskum bankamarkaði. Samkvæmt kvartanda var Íslandsbanka með lánveitingunni veitt aðstoð til að koma í veg fyrir að Seðlabankinn þyrfti að ganga að sértryggða skuldabréfinu og að í máli Arion hafi lánið verið veitt til að tryggja hæfilegt jafnvægi á gjaldmiðilsáhættu bankans. Kvartandi heldur því fram að aðrar fjármálastofnanir, sem fengu ekki slíka aðstoð, hafi neyðst til þess að selja eignir á markaði sem var kaupendum hagstæður.
- 18) Samkvæmt kvartanda gáfu lánsamningarnir Íslandsbanka og Arion skýran ávinning í forni langtímafjármögnunar með hagstæðum vöxtum undir markaðsvöxtum og sem stóðu öðrum markaðsaðilum ekki til boða. Samkvæmt kvartanda hefði enginn einkafjárfestir gengið til slíkra samninga á fjármálamarkaði í því umróti sem þá ríkti. Til stuðnings þeirri fullyrðingu að vextirnir hefðu verið undir þágildandi markaðsvöxtum lagði kvartandi fram upplýsingar um skuldatryggingarálag íslenska ríkisins árið 2009 og vexti árið 2009 fyrir skuldabréfaflokka Íbúðalánasjóðs, HFF150224 og HFF150434. Í kvörtuninni er því haldið fram að ráðstafanirnar hafi styrkt Íslandsbanka og Arion á bankamarkaði og því haft áhrif á stöðu annarra markaðsaðila.
- 19) Loks heldur kvartandi því fram að endurskipulagningaráætlun Íslandsbanka og Arion, sem stjórnvöld á Íslandi stóðu að og sem Eftirlitsstofnun EFTA úrskurðaði samrýmanlega aðstoð við b-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, hafi nægt til að bæta úr röskun aðstæðna í íslensku efnahagslífi. Samkvæmt kvartanda var ekki þörf á viðbótaraðstoðarráðstöfununum, sem voru gerðar með framangreindum samningum, og þær voru ekki nauðsynlegar, viðeigandi eða hæfilegar að umfangi til að endurreisa íslenska bankakerfið og þær feli því í sér ósamrýmanlega ríkisaðstoð.

4. Ástæður þess að stofnað var til formlegrar rannsóknar

- 20) Í ákvörðun nr. 208/15/COL lagði Eftirlitsstofnun EFTA til bráðabirgða mat á það hvort lánafyrirgreiðsla, sem Seðlabankinn veitti Glitni og Kaupþingi til skamms tíma, auk lánsamninganna milli Seðlabankans og bæði Arion og Íslandsbanka, gæti talist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og, ef svo væri, hvort ríkisaðstoðin gæti talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.

⁽¹⁷⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 244/12/COL frá 27. júní 2012 um aðstoð sem veitt hefur verið vegna endurskipulagningar Íslandsbanka („ákvörðun um aðstoð til endurskipulagningar Íslandsbanka“) (Stjtið. ESB L 144, 15.5.2014, bls. 70 og í EES-viðbæti nr. 28, 15.5.2014, bls. 1) og ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 291/12/COL frá 11. júlí 2012 um aðstoð sem veitt hefur verið vegna endurskipulagningar Arions banka („ákvörðun um aðstoð til endurskipulagningar Arions banka“) (Stjtið. ESB L 144, 15.5.2014, bls. 169 og í EES-viðbæti nr. 28, 15.5.2014, bls. 89), 86, 149, 168 og 238. mgr.

- 21) Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu, að því er varðar skammtímaveðlán Seðlabankans til banka og annarra fjármálastofnana, að þeim skilyrðum sem sett eru í leiðbeinandi reglum um bankastarfsemi⁽¹⁸⁾ varðandi lausafjáraðstoð og skuldir við seðlabanka hafi verið fullnægt. Eftirlitsstofnun EFTA komst því að þeirri niðurstöðu að skammtímalánafyrirgreiðsla Seðlabankans til Glitnis og Kaupþings fæli ekki í sér ríkisaðstoð.
- 22) Eftirlitsstofnun EFTA komst hins vegar að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu varðandi lánssamningana á meintum hagstæðum kjörum milli Seðlabankans og bæði Arion og Íslandsbanka að ekki væri hægt að útiloka að þeir fælu í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirfarandi þættir voru tilgreindir í ákvörðun nr. 208/15/COL:
- i) Eftirlitsstofnun EFTA vakti athygli á því að líta mætti svo á að opinberan stuðning seðlabanka mætti rekja til ríkisins og hann fæli því í sér yfirfærslu ríkisfjármuna.
 - ii) Eftirlitsstofnun EFTA lét í ljósi efasemdir um hvort ráðstafanirnar, sem verið er að leggja mat á, væru í samræmi við háttsemi almenns kröfuhafa í sambærilegri stöðu lagalega og að því er málsatvik varðar. Í bráðabirgðamati Eftirlitsstofnunar EFTA kom því fram að ekki væri unnt að útiloka að um efnahagslegan ávinning fyrir Íslandsbanka og Arion væri að ræða.
 - iii) Þar eð ekki höfðu verið lögð fram nein gögn því til sönnunar að öllum fyrirtækjum í sambærilegri stöðu og Íslandsbanka og Arion, lagalega og að því er málsatvik varðar, hefði staðið þessir meintu hagstæðu lánssamningar til boða var það bráðabirgðaálit Eftirlitsstofnunar EFTA að ráðstafanirnar virtust sértækar.
 - iv) Eftirlitsstofnun EFTA vakti loks athygli á því að þrátt fyrir að Íslandsbanki og Arion starfi nú að mestu á íslenskum markaði veiti þeir engu að síður fjármálaþjónustu sem er að fullu opin fyrir samkeppni og viðskiptum á Evrópska efnahagssvæðinu. Bráðabirgðaálit Eftirlitsstofnunar EFTA var því að ráðstöfunin væri til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna.
- 23) Samkvæmt Eftirlitsstofnun EFTA var þörf á frekari sönnunargögnum til þess að unnt væri að ákvarða hvort lánaskilmálarnir gætu talist samrýmanlegir framkvæmd EES-samningsins.
- 24) Eftirlitsstofnun EFTA hafði því, í kjölfar bráðabirgðamats síns, efasemdir um hvort umræddar ráðstafanir, og einkum lánaskilmálarnir, fælu í sér ríkisaðstoð og, ef svo væri, hvort þær gætu talist samrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins.

5. Athugasemdir Seðlabanka Íslands

5.1 Almenn

- 25) Seðlabanki Íslands vekur athygli á því að Eftirlitsstofnun EFTA hefur áður fjallað um endurskipulagningu íslenska fjármálakerfisins, lagagrunn þess og meðferð stjórnvalda á því, m.a. í ákvörðunum um aðstoð til endurskipulagningar Íslandsbanka og Arion. Samkvæmt Seðlabanka Íslands er ekki rökrétt að taka þær ráðstafanir, sem eru til rannsóknar í þessu máli, úr samhengi og leggja mat á þær sem sjálfstæða gerninga.
- 26) Samkvæmt Seðlabanka Íslands væri óraunhæft að seðlabanki gengi að veði eins og því sem um er að ræða í tilvikum Kaupþings (Arion) og Íslandsbanka. Með því að taka til eignar slíkt veð hefði Seðlabanki Íslands tekið að sér hlutverk viðskiptabanka með eitt stærsta safn lána til heimila á Íslandi. Það hefði ekki verið í samræmi við hlutverk bankans sem seðlabanka. Annar mikilvægur þáttur var hættan á því að grafið yrði undan starfsemi Arion og Íslandsbanka sem hefði ógnað fjármálastöðugleika. Eftirlitsstofnun EFTA verður að hafa í huga að Seðlabanki Íslands er skuldbundinn að lögum til þess að stuðla að fjárhagslegum stöðugleika. Ef Seðlabanki Íslands

⁽¹⁸⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu reglna um ríkisaðstoðarráðstafanir til stuðnings bönkum í tengslum við fjármálakreppuna frá 1. desember 2013 („leiðbeinandi reglur um bankastarfsemi frá 2013“) (Stjtið. ESB L 264, 4.9.2014, bls. 6 og í EES-viðbæti nr. 50, 4.9.2014, bls. 1), 62. mgr., sem komu í stað leiðbeinandi reglna um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum sem gripið var til vegna fjármálastofnana („leiðbeinandi reglur um bankastarfsemi frá 2008“) (Stjtið. ESB L 17, 20.1.2011, bls. 1 og í EES-viðbæti nr. 3, 20.1.2011, bls. 1), 51. mgr.

hefði innheimt kröfuna á Íslandsbanka hefði lausafjárstaða Íslandsbanka orðið of veik fyrir traustan bankarekstur og Seðlabanki Íslands hefði því ekki verið fær um að innheimta alla kröfu sína.

- 27) Seðlabanki Íslands vekur athygli á því að leiðbeinandi reglur um bankastarfsemi fjalla því miður ekki um það hvað gerist þegar kröfur, sem eru til komnar vegna peningastefnuaðgerða, fara í vanskil og seðlabanki neyðist til að gera ráðstafanir til að innheimta kröfur og ganga að eignum sem eru settar að veði. Seðlabanki Íslands heldur því fram að telja skyldi umbreytingu krafna Seðlabankans í lánssamninga sem eðlilegt framhald af ráðstöfunum kröfuhafa til að hámarka endurheimt krafna sem eru komnar til vegna lánafyrirgreiðslu til skamms tíma en ekki sem nýja fjármögnun sem Arion og Íslandsbanka hefði verið veitt.

5.2 Er um ríkisaðstoð að ræða?

- 28) Seðlabanki Íslands heldur því í fyrsta lagi fram, varðandi það hvort bankarnir hafi hlotið ávinning af lánssamningunum, að upphaflegar tafir á greiðslum hafi ekki falið í sér ríkisaðstoð í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem ríktu á Íslandi í kjölfar þess að bankakerfið hrundi í október 2008. Uppgjör greiðslna við Íslandsbanka í september 2009 og Kaupþing í nóvember 2009 getur ekki talist töf samkvæmt Seðlabankanum þar eð heildarendurskipulagning bankanna stóð yfir á Íslandi með aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og mikil óvissa ríkti um virði eigna bankanna.
- 29) Seðlabanki Íslands leggur áherslu á þá lagaskyldu sína að viðhalda fjárhagslegum stöðugleika og að hafa eftirlit með gjaldeyrisstöðu lánastofnana. Seðlabankinn hafði því lagaskyldu um að taka á því alvarlega ástandi sem ríkti. Gerð lánssamninganna var því skynsamlegasta efnahagslega ákvörðunin sem var hægt að taka við þessari aðstæðu. Seðlabankinn bendir á að það hefði ekki einungis verið í ósamræmi við hlutverk seðlabanka að ganga að veðunum heldur hefði það að lokum leitt til þess að Seðlabankinn hefði endurheimt minna af skammtímaskuldunum.
- 30) Samkvæmt Seðlabankanum voru skilmálar lánssamninganna, þ.e. vextirnir og veðin, auk þess hagstæðir fyrir Seðlabankann. Seðlabankinn vísar til fyrirbyggjandi upplýsinga um útgefna gerninga um allan heim auk skilmála annarra gerninga sem sammingsaðilarnir gerðu á þeim tíma (Arion, Íslandsbanki, Seðlabanki Íslands, aðrar innlendar fjármálastofnanir og ríkið).⁽¹⁹⁾ Samkvæmt Seðlabankanum voru skilmálar lánssamninganna því í báðum tilfellum í fullu samræmi við eðlileg markaðskjör á þeim tíma og því fyllilega í samræmi við markaðsfjárfestaregluna.
- 31) Seðlabankinn heldur því fram varðandi það hvort þessir lánssamningar hafi verið sértækir að öll fyrirtæki í sambærilegri stöðu lagalega og að því er málsatvik varðar hafi verið meðhöndluð á sama hátt. Í þessum efnum bendir Seðlabankinn á að Straumur, einkarekinn, íslenskur fjárfestingabanki, hafi einnig samið við Seðlabankann um uppgjör skammtímaskuldar sinnar.⁽²⁰⁾ MP banki var enn fremur samkvæmt Seðlabankanum ekki í sambærilegri stöðu að lögum og hvað varðar málsatvik þar eð skammtímaskuldir bankans voru ekki tryggðar með eignum sem voru áþekkar íbúðalánasafninu heldur með almennum verðbréfum á borð við ríkisskuldabréf og áþekk tryggð bréf, þ.e. auðseljanlegar eignir með fast virði sem fela ekki í sér kostnað við að gengið sé að þeim eða í tengslum við að það sé gert. Seðlabanki Íslands hafnar því þeirri fullyrðingu að öðrum bönkum á Íslandi hafi ekki gefist kostur á að fá slíka fjármögnun frá Seðlabankanum eða öðrum stofnunum ríkisins.
- 32) Seðlabankinn bendir loks á að Eftirlitsstofnun EFTA þurfi að gæta þess að á tímabilinu sem lánssamningarnir voru gerðir hafi í reynd ekki verið um neina samkeppni að ræða milli íslenskra fjármálafyrirtækja og annarra fjármálafyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu. Alþingi samþykkti í nóvember 2008 lög nr. 134/2008, um breytingu á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrisráðgjafi, sem takmörkuðu fjármagnshreyfingar milli landa og gjaldeyrisviðskipti þeim tengd og erlend fjármálafyrirtæki gátu því ekki keppt á íslenskum markaði.⁽²¹⁾ Seðlabankinn heldur því þar af leiðandi fram að ráðstafanirnar hafi ekki verið til þess fallnar að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum.

⁽¹⁹⁾ Skjal nr. 819287.

⁽²⁰⁾ Sjá: <http://www.almchf.com/new-and-events/nr/121>.

⁽²¹⁾ Mál E-03/11 *Pálmi Sigmarsson* gegn *Seðlabanka Íslands*, [2011] skýrsla EFTA dómstólsins bls. 430.

- 33) Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið heldur Seðlabanki Íslands því fram að gerð lánsamninganna geti ekki talist fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

5.3 Samrýmanleiki

- 34) Ef Eftirlitsstofnun EFTA teldi eigi að síður að ráðstafanirnar feli í sér ríkisaðstoð heldur Seðlabanki Íslands því fram að líta beri svo á að ráðstafanirnar samrýmist EES-samningunum á grundvelli b-liðar 3. mgr. 61. gr. þar eð þær hafi verið óaðskiljanlegur hluti af ráðstöfunum sem hafi verið nauðsynlegar, hæfilegar að umfangi og viðeigandi til að ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi Íslands og hafi því tengst beint ráðstöfunum til endurskipulagningar sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti í ákvörðunum sínum varðandi aðstoð til endurskipulagningar Arion og Íslandsbanka.

6. Athugasemdir frá Arion

6.1 Almenn

- 35) Arion heldur því einnig fram að ekki sé hægt að taka þær ráðstafanir úr samhengi sem eru til rannsóknar í þessu máli og leggja mat á þær sem sjálfstæða gerninga. Arion heldur því fram að Eftirlitsstofnun EFTA hafi þegar rannsakað og samþykkt endurskipulagningu og fjármögnun Arion í ákvörðun sinni um aðstoð til endurskipulagningar Arion.

- 36) Arion vekur athygli á því að það að lánið var í erlendum gjaldmiðlum í stað íslenskra króna var í samræmi við skilmála uppgjörssamkomulagsins þar sem kveðið var á um að Arion skyldi greiða vexti og afborganir með erlendum gjaldmiðlum að því marki sem bankinn gæti og að honum væri einungis heimilt að greiða í íslenskum krónum í undantekningartilvikum. Arion bendir einnig á að í 4. gr. uppgjörssamkomulagsins er kveðið á um að lántaki geti, með heimild lánveitanda, breytt nafnverðseiningu hluta skuldarinnar eða hennar allrar. Skilmálar lánsamningsins eru því í fullu samræmi við skilmála uppgjörssamkomulagsins. Arion leggur áherslu á það að Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar kannað og samþykkt skilmála uppgjörssamkomulagsins í ákvörðun sinni um aðstoð til endurskipulagningar Arion. ⁽²²⁾

- 37) Samkvæmt Arion lýsti Eftirlitsstofnun EFTA stöðu Arion ekki rétt í ákvörðun nr. 208/15/COL þar sem hún telur stöðuna hafa verið „tæpa“ án íbúðalánasafnsins. Samkvæmt Arion var íbúðalánasafnið vissulega verðmæt eign þar eð í því voru lán sumra kjarnaviðskiptavina Arion og Arion hafði einnig séð um lánasafnið. Samkvæmt uppgjörssamkomulaginu (en ekki ákvörðun FME) var það hluti af fjármögnun Arion að Kaupþing gæti yfirfært íbúðalánasafnið til Arion. Ef 3. gr. uppgjörssamkomulagsins hefði ekki verið til staðar hefðu aðrar eignir hins vegar komið í stað íbúðalánasafnsins (það er að segja ef íbúðalánasafnið hefði ekki verið yfirfært) í því skyni að fullnægja kröfum um fjármögnun og endurskipulagningu Arion.

6.2 Er um ríkisaðstoð að ræða?

- 38) Samkvæmt Arion gæti Seðlabankinn talist hafa stöðu almenns kröfuhafa að leita fullnustu krafna á hendur Kaupþingi, eins og lýst er í einstökum atriðum í uppgjörssamkomulaginu, í samræmi við gildandi reglur um slitameðferð. ⁽²³⁾ Um framsal íbúðalánasafnsins í samræmi við uppgjörssamkomulagið og gerð lánsamningsins giltu skilmálar sem voru í fullu samræmi við eðlileg markaðskjör á þeim tíma. Með háttsemi sinni stenst Seðlabankinn þar af leiðandi kröfur meginreglunnar um almennan kröfuhafa. Seðlabanki Íslands færði Arion því engan ávinning sem telja mætti að neinu leyti ríkisaðstoð.

⁽²²⁾ Ákvörðun um aðstoð til endurskipulagningar Arion, 86., 149., 168. og 238. mgr.

⁽²³⁾ Að um fjárhagslega endurskipulagningu og ógjaldfærni lánastofnana, eins og Kaupþings, gildi ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem finna má tilteknar reglur um ógjaldfærni sem eru auknar með almennum ákvæðum laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti sem gilda um öll greiðsluþrot á Íslandi. Slitameðferð svipar að mörgu leyti til gjaldprotameðferðar og mörg ákvæði gjaldprotalaga hafa í reynd verið felld inn í fyrrgreind lög með tilvísun, þ.m.t. meðferð krafna ásamt öðrum ákvæðum sem tryggja jafna meðferð kröfuhafa.

- 39) Samkvæmt Arion má taka á eftirfarandi hátt saman þau meginatriði sem taka skal til skoðunar við mat á því hvort hugsanlegur, almennur kröfuhafi hefði gert uppgjörssamkomulagið og lánsamninginn:
- i) Frá efnahagslegu sjónarmiði var þetta eina skynsamlega og færa leiðin fyrir Seðlabankann. Endurheimt fjárhæð skammtímaskuldarinnar hefði orðið lægri að lokum ef Seðlabankinn hefði gengið að íbúðalánasafninu.
 - ii) Seðlabankinn hafði sem tryggður kröfuhafi fullreynt allar aðrar leiðir sem þá stóðu til boða.
 - iii) Skuldarinn, Kaupþing, sætti slitameðferð og því þurfti að ganga frá skammtímaskuldinni í samræmi við lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.
 - iv) Ráðstafanirnar voru í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um að flytja innlenda hluta gömlu bankanna til nýju bankanna.
 - v) Endurskipulagning og fjármögnun Arion var hluti af heildarendurskipulagningu fjármálageirans.
 - vi) Skilmálar lánsamningsins, þ.e. vextir og tryggingar, voru hagstæðir fyrir Seðlabankann. Þetta kemur greinilega fram í fyrirbyggjandi upplýsingum sem til eru um útgefna gerninga um allan heim, auk skilmála annarra gerninga sem samningsaðilarnir gerðu á þeim tíma (þ.e. Arion, Seðlabanki Íslands og aðrar innlendar fjármálastofnanir og ríkið).
- 40) Arion hefur lagt fram upplýsingar um sértryggðar skuldabréfaútgáfur og ótryggðar forgangsskuldabréfaútgáfur banka í Evrópu á umræddu tímabili þar eð Eftirlitsstofnun EFTA taldi, í ákvörðun nr. 208/15/COL, vera erfitt að ákvarða viðeigandi viðmið fyrir vexti í fjármálakreppunni. Í ljósi þess að lánið, sem Seðlabankinn veitti, er að mestu tryggt með fasteignaveðum heldur Arion því fram að það sé sambærilegt sértryggðum skuldabréfum evrópskra banka á árinu 2009 þar sem veð í íbúðarhúsnæði voru sett til tryggingar. Samkvæmt Arion sýnir framlagt gagnasafn⁽²⁴⁾ fjármögnunarálagið sem evrópskir bankar greiddu þá hafi verið á bilinu 0,1% og 1,90% yfir millibankavöxtum og að miðgildi álagsins hafi verið 0,72%. Hæstu vextina fyrir sértryggð skuldabréf greiddu Írlandsbanki í september 2009 (1,9% yfir millibankavöxtum) og EBS Mortgage Finance á Írlandi (1,75% yfir millibankavöxtum) í nóvember 2009. Samkvæmt Arion er erfitt að sjá hvernig skuldageringur tryggður með fasteignaveðum og öðrum hágæðaeignum, og sem ber 3% álag ofan á LIBOR-vexti, gæti talist ríkisaðstoð þegar hæsti fjármögnunarkostnaður evrópsks banka á sama tíma var millibankavextir + 1,9% þegar fasteignaveð voru sett til tryggingar.
- 41) Samkvæmt Arion voru breytingarnar, sem voru gerðar á lánsamningnum miðað við skilmála uppgjörssamkomulagsins, varðandi skráningu nafnverð höfuðstóls í evrum, Bandaríkjadöllum og svissneskum frönskum í stað íslenskra króna, hagstæðar Seðlabankanum. Arion bendir á að ströng höft hafi verið sett á Íslandi á fjármagnsflutninga yfir landamæri og gjaldeyrisviðskipti þeim tengd frá því að bankakerfið hrundi haustið 2008. Sé meginreglunni um almennan kröfuhafa beitt hér leiðir það einungis til þeirrar niðurstöðu að almennur kröfuhafi hefði frekar valið að nota erlenda mynt en íslenskar krónur. Slík breyting á nafnverðseiningu væri því kröfuhafanum í hag en ekki skuldarannum.
- 42) Arion gerir einnig samanburð við uppgjörssamkomulag („Landsbankasamkomulagið“) sem var gert milli „nýja“ Landsbankans (Landsbankans hf., „NBI“) og „gamla“ Landsbankans (Landsbanka Íslands hf., „LBI“) í desember 2009. Í Landsbankasamkomulaginu fólst að Landsbankinn (NBI) gaf út tryggð forgangsskuldabréf til tíu ára í evrum, breskum pundum og Bandaríkjadalað fjárhæð 247 milljarðar íslenskra króna til Landsbanka Íslands hf (LBI). Að auki var gefið út skilyrt skuldabréf að fjárhæð 92 milljarðar íslenskra króna í erlendum gjaldmiðli snemma árs 2013. Þessi tryggðu forgangsskuldabréf voru endurgjald vegna eigna og skulda sem voru færð frá Landsbanka Íslands hf. 9. október 2008 með ákvörðun FME um framsal eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til Landsbankans. Þessi tryggðu forgangsskuldabréf falla í gjalddaga í október 2018 og eru án afborgunargreiðslna fyrstu fimm árin. Vextirnir eru

(24) Sjá skrár 1 og 3 í viðauka við bréf Arion dagsett 31. mars 2015 (skjal nr. 753101).

EURIBOR/LIBOR+175 grunnpunktar fyrstu fimm árin og EURIBOR/LIBOR+290 grunnpunktar seinni fimm árin. Þau eru tryggð með lánasafni til viðskiptavina Landsbankans. ⁽²⁵⁾

- 43) Samkvæmt Arion má líta svo á að skilmálar Landsbankasamkomulagsins séu beint sambærilegir við skilmála lánessamningsins. Muninn á þeim má draga saman sem hér segir:
- i) Álagið var 175 grunnpunktar/290 grunnpunktar frá lánveitanda á einkamarkaði á móti 300 grunnpunktum frá Seðlabankanum samkvæmt lánessamningnum.
 - ii) Höfuðstóllinn jafngilti næstum 350 milljörðum íslenskra króna frá lánveitanda á einkamarkaði á móti [...] milljörðum íslenskra króna frá Seðlabankanum samkvæmt lánessamningnum.
 - iii) Veðið til lánveitanda á einkamarkaði í lánasafni viðskiptavina á móti fjölbreyttu safni innlendra áhættuskuldbindinga af fasteignaveðum hjá ríkinu, sveitarfélögum og heimilum til Seðlabankans samkvæmt lánessamningnum.
- 44) Ofangreindur mismunur á þessum tveimur málum er að álitu Arion alltaf lánessamningnum og Seðlabankanum í hag, þ.e. hærri vextir, lægri höfuðstóll og sterkara tryggingarsafn þrátt fyrir að lánveitandi í þessu máli sé einkaaðili. Þetta bendir til þess að skilmálar fjármögnunarinnar, sem Arion var veitt samkvæmt lánessamningnum, séu í samræmi við ríkjandi markaðskjör á þeim tíma.
- 45) Í stuttu máli heldur Arion því þar af leiðandi fram að gerð lánessamningsins milli Seðlabanka Íslands og Arion geti ekki talist vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

6.3 Samrýmanleiki


- 46) Teldi Eftirlitsstofnun EFTA að þrátt fyrir framangreindan rökstuðning fælist ríkisaðstoð í ráðstöfunum heldur Arion því fram að ráðstafanirnar samrýmist EES-samningnum á grundvelli b-liðar 3. mgr. 61. gr. samningsins.
- 47) Þar eð umræddar ráðstafanir voru órjúfanlegur hluti af endanlegri fjármögnun Arion og endurskipulagningaráætlun Arion sem lögð var fyrir Eftirlitsstofnun EFTA heldur Arion því fram að þessar ráðstafanir sé ekki unnt að aðskilja frá heildarmati Eftirlitsstofnunar EFTA í því máli. Þær falla þar af leiðandi undir ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð til endurskipulagningar Arion.
- 48) Arion er einnig þeirrar skoðunar að Eftirlitsstofnun EFTA beri að taka til athugunar raunverulega og lagalega stöðu í heild sinni ef Eftirlitsstofnun EFTA telur mögulegt að fara aftur yfir tiltekinn hluta viðskipta sem hefur þegar verið farið yfir og sem hafa hlotið samþykki stofnunarinnar í ákvörðun hennar um aðstoð til endurskipulagningar Arion. Mat Eftirlitsstofnunar EFTA á samrýmanleika umræddra ráðstafana ætti því að vera í samræmi við matið í ákvörðun um aðstoð til endurskipulagningar Arion og einkum það hvort viðmiðunum gildandi ákvæða leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð hafi verið fullnægt.

7. Athugasemdir frá Íslandsbanka

- 49) Íslandsbanki lagði fram upplýsingar um skilyrði áþekkra eignavarinna skuldabréfa í Evrópu á þeim tíma sem samningurinn var gerður við Seðlabankann. Samkvæmt Íslandsbanka voru viðskipti með áþekk eignavarinn skuldabréf í Evrópu með 40–80 grunnpunkta hærra verð en ríkistryggð bréf á þeim tíma. Íslandsbanki lagði fram línurit sem sýnir gögn frá 2009 fyrir þrjú lönd, þ.e. Frakkland, Þýskaland og Spán, um álagsmun á sértryggðum skuldabréfum og ríkisskuldabréfum. Tryggt álag hjá iBoxx ⁽²⁶⁾ er vegið meðaltal allra útistandandi sértryggðra skuldabréfa frá umræddum löndum þar sem meðalgildistími vísitalna er á bilinu fimm til sjö ár.

⁽²⁵⁾ Skjal nr. 696088.

⁽²⁶⁾ iBoxx-skuldabréfavísitalurnar eru viðmið fyrir fagfólk og samanstanda af seljanlegum skuldabréfum í fjárfestingarflokki.



- 50) Eins og sést á línuritinu hefur áhættuálagið sveiflast verulega á tímabilinu og er t.d. neikvætt fyrir Spán eins og er. Árið 2009 var munur á áhættuálagi í þessum þremur löndum á bilinu 40–160 grunnpunktar.

II. MAT

1. Er um ríkisaðstoð að ræða?

- 51) Í eftirfarandi köflum mun Eftirlitsstofnun EFTA meta hvort lánsamningarnir, sem Seðlabanki Íslands gerði bæði við Íslandsbanka og Arion, feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 52) Ráðstöfun telst ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt samtímis: ráðstöfunin i) er veitt af hálfu ríkisins eða af ríkisfjármunum, ii) veitir viðtakanda efnahagslegan ávinning, iii) er sértæk og iv) til þess fallin að raska samkeppni og viðskipum milli aðildarríkja.
- 53) Fyrst ber að minna á að peningamálastefna er ekki í heild sinni undanþegin beitingu reglna um ríkisaðstoð.⁽²⁷⁾ Í raun takmarkast undanþága vegna lausafjáraðstoðar frá beitingu reglna um ríkisaðstoð, eins og nefnt var í 21. málsgrein hér að framan, við ráðstafanir sem fullnægja skilyrðunum sem eru talin upp í 51. mgr. leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um bankastarfsemi frá 2008 og 62. mgr. leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um bankastarfsemi frá 2013.⁽²⁸⁾ Í þessu felst ekki að allar aðgerðir seðlabanka séu undanþegnar beitingu reglna um ríkisaðstoð. Í því máli sem hér um ræðir telur Eftirlitsstofnun EFTA að langtímalánveiting Seðlabanka Íslands fari ekki að þeim skilyrðum sem eru sett í framangreindum málsgreinum leiðbeinandi reglna um bankastarfsemi frá 2008 og 2013 þar eð þær tengdust ráðstöfunum til endurskipulagningar bankanna tveggja. Eftirlitsstofnun EFTA þarf því að meta ráðstafanirnar á grundvelli skilyrðanna í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

1.1. Er um ríkisfjármuni að ræða?

- 54) Samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, verður ráðstöfunin að vera aðstoð sem ríkið veitir eða veitt er af ríkisfjármunum til að teljast ríkisaðstoð.
- 55) Með tilliti til ákvæða 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins tekur ríkið til allra stjórnarsýslustofna ríkisins, frá ríkisstjórn til sveitarstjórnarstígsins eða til lægsta stjórnarsýslustígsins, svo og til allra opinberra fyrirtækja og aðila.⁽²⁹⁾
- 56) Þær ráðstafanir sem eru til athugunar eru á formi lánsamninga milli Seðlabanka Íslands og Arion og Íslandsbanka á meintum hagstæðum kjörum.
- 57) Til þess að ákvarða hvort langtímalánveiting Seðlabanka Íslands feli í sér ríkisfjármuni þarf að meta hvort telja megja að ráðstafanir seðlabanka eigi rætur að rekja til ríkisins. Seðlabankar njóta almennt sjálfstæðis frá ríkinu. Það er málinu hins vegar óviðkomandi hvort opinber stofnun nýtur sjálfstæðis.⁽³⁰⁾ Það er enn fremur almennt viðurkennt að seðlabankar sinna opinberum verkefnum. Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að það er viðtekin dómaframkvæmd að fjárstuðningur stofnunar sem sinnir verkefnum í almannaþágu geti leitt til þess að ríkisaðstoð sé veitt.⁽³¹⁾ Því má líta svo á að opinberan stuðning seðlabanka megja einnig rekja til ríkisins og að hann feli því í sér ríkisaðstoð.⁽³²⁾ Samkvæmt leiðbeinandi reglum um bankastarfsemi frá 2013 er einmitt almennt talið að um yfirfærslu ríkisfjármuna sé að ræða þegar seðlabanki veitir fé til tiltekinna lánastofnana.⁽³³⁾

⁽²⁷⁾ Sjá dóm í *Lýðveldið Grikkland gegn framkvæmdastjórn*, C-57/86, EU:C:1988:284, 9. mgr.

⁽²⁸⁾ Þrátt fyrir að leiðbeinandi reglur um bankastarfsemi frá 2008 séu ekki lengur í gildi þá giltu þær þegar ráðstafanirnar, sem ágreiningur ríkir um, voru samþykktar og Eftirlitsstofnun EFTA ber því að beita þeim í þessu máli.

⁽²⁹⁾ Dómur í *Þýskaland gegn framkvæmdastjórn*, C-248/84, EU:C:1987:437, 17. mgr.

⁽³⁰⁾ Dómur í *Air France gegn framkvæmdastjórn*, T-358/94, EU:T:1996:194, 58. til 62. mgr.

⁽³¹⁾ Dómar í *Ítalía gegn framkvæmdastjórn*, C-173/73, EU:C:1974:71, 16. mgr. og *Steinicke og Weinling gegn Þýskalandi*, C-78/76, EU:C:1977:52.

⁽³²⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/600/EB frá 10. nóvember 1999 *Banco di Sicilia og Sicilcassa* (Stjútíð. ESB L 256, 10.10.2000, bls. 21) í 48. og 49. mgr., þar sem það er viðurkennt án frekari umræðna að fyrirframgreiðslur Banca d'Italia til illa staddra banka teljist fjárhagsaðstoð frá ríkinu.

⁽³³⁾ Leiðbeinandi reglur um bankastarfsemi frá 2013, 62. mgr.

- 58) Að þessum athugasemdum slepptum skal spurningunni um hvort umræddir lánssamningar hafi verið veittir af hálfu ríkisins eða af ríkisfjármunum látið ósvarað í ljósi þeirrar niðurstöðu hér á eftir að ráðstafanirnar hafi ekki fært bönkunum neinn efnahagslegan ávinning.

1.2. Ávinningur

- 59) Til þess að ráðstafanir teljist vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verða þær að veita fyrirtæki efnahagslegan ávinning.
- 60) Ívilnun, í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, er efnahagslegur ávinningur sem fyrirtæki hefði ekki fengið við eðlilegar markaðsaðstæður og kemur því þar með í vænlegri stöðu en keppinautar þess. Áhrif ráðstöfunarinnar á fyrirtækið skipta ein máli en ekki orsök eða markmið með íhlutun ríkisins. ⁽³⁴⁾ Ráðstöfun getur verið í formi efnahagslegs ávinnings eða til þess fallin að leysa einhvern undan efnahagslegri byrði til þess að hún teljist vera aðstoð. Seinna atriðið er breiður flokkur sem samanstendur af öllum ráðstöfunum sem leysa fyrirtæki undan kostnaði sem það þyrfti almennt að inna af hendi af rekstrarfé sínu. Spurningin um það hvort gerð lánssamninganna gæti talist fela í sér ávinning fyrir Íslandsbanka og Arion veltur endanlega á því hvort almennur kröfuhafi af svipaðri stærð og sá opinberi aðili, sem starfar við sömu markaðsaðstæður, hefði veitt áþekkt lán á áþekktum kjörum.
- 61) Við ákvörðun um hvort opinber aðili hafi hegðað sér eins og sérhver rekstraraðili á markaði við sambærilegar aðstæður ber einungis að taka tillit til ábata og skylda sem tengjast hlutverki ríkisins eða opinbers aðila sem rekstraraðila að undanskildum þeim sem tengjast hlutverki opinbers stjórnvalds. ⁽³⁵⁾ Við ákvörðun um hvort íhlutun ríkis sé í samræmi við markaðsaðstæður verður enn fremur að gera á henni fyrirframmat, taka einungis tilliti til þeirra upplýsinga sem voru fyrir hendi þegar íhlutunin var ákveðin. Þegar sérstakar markaðsupplýsingar eru auk þess ekki fyrir hendi um tiltekna skuldfærslu má skera úr um hvort skuldagermingurinn sé í samræmi við markaðsaðstæður með samanburði við sambærileg markaðsviðskipti, þ.e.a.s. með setningu viðmiðana.
- 62) Nota má meginregluna um almennan kröfuhafa, sem dómstólar og Evrópusambandið hafa þróað og skerpt, ⁽³⁶⁾ til að skera úr um hvort þær aðstæður sem eiga við um endurgreiðslu á kröfu opinbers kröfuhafa, hugsanlega með breyttum endurgreiðslutíma, feli í sér ríkisaðstoð. Þegar ríkið er ekki í þeirri stöðu, hvorki sem fjárfestir né framkvæmdaraðili verkefnis, heldur kröfuhafi sem er að leitast við að hámarka endurheimt útistandandi skuldar getur verið að væg meðferð ein og sér, í formi frestunar á endurgreiðslu, nægi ekki til að ætla hagstæða meðferð í skilningi ríkisaðstoðar. Við slíkar aðstæður skal bera háttsemi opinbers kröfuhafa saman við háttsemi hugsanlegs, almenns kröfuhafa í sambærilegri stöðu lagalega og að því er málsatvik varðar. Úrslitum ræður hvort almennur kröfuhafi hefði veitt skuldara sambærilega meðferð við sambærilegar aðstæður.
- 63) Áður en lánssamningarnir eru metnir vaknar sú spurning hvort upphaflega töfin á uppgjöri greiðslna, sem svo er að sjá að hafi varað frá því um október 2008 fram til seinni hluta ársins 2009, geti hafa falið í sér ríkisaðstoð. Ákvarðanir opinberra aðila um að umlíða greiðsludrátt á láni geta almennt séð fært skuldara ávinning og falið í sér ríkisaðstoð. Þrátt fyrir að tímabundinn greiðsludráttur mundi líklega vera í samræmi við hegðun almenns kröfuhafa og feli því ekki í sér

⁽³⁴⁾ Dómur í *Ítalía* gegn *frankvæmdastjórn*, C-173/73, EU:C:1974:71, 13. mgr.

⁽³⁵⁾ Dómar í *frankvæmdastjórn* gegn *EDF*, C-124/10 P, EU:C:2012:318, 79. til 81. mgr., *Belgía* gegn *frankvæmdastjórn*, C-234/84, EU:C:1986:302, 14. mgr., *Belgía* gegn *frankvæmdastjórn*, C-40/85, EU:C:1986:305, 13. mgr., *Spánn* gegn *frankvæmdastjórn*, sameinuð mál C-278/92 til C-280/92, EU:C:1994:325, 22. mgr. og *Þýskaland* gegn *frankvæmdastjórn*, C-334/99, EU:C:2003:55, 134. mgr.

⁽³⁶⁾ Sjá dóma í *Spánn* gegn *frankvæmdastjórn*, C-342/96, EU:C:1999:210, 46. mgr. o.áfr., *SIC* gegn *frankvæmdastjórn*, T-46/97, EU:T:2000:123, 98. mgr. o.áfr., *DM Transport*, C-256/97, EU:C:1999:332, 19. mgr. o.áfr., *Spánn* gegn *frankvæmdastjórn*, C-480/98, EU:C:2000:559, 19. mgr. o.áfr., *HAMSA* gegn *frankvæmdastjórn*, T-152/99, EU:T:2002:188, 167. mgr., *Spánn* gegn *frankvæmdastjórn*, C-276/02, EU:C:2004:521, 31. mgr. o.áfr., *Lenzig* gegn *frankvæmdastjórn*, T-36/99, EU:T:2004:312, 134. mgr. o.áfr., *Technische Glaswerke Ilmenau* gegn *frankvæmdastjórn*, T-198/01, EU:T:2004:222, 97. mgr. o.áfr., *Spánn* gegn *frankvæmdastjórn*, C-525/04 P, EU:C:2007:698, 43. mgr. o.áfr., *Olympiaki Aeroporia Ypiresies* gegn *frankvæmdastjórn*, T-68/03, EU:T:2007:253 og *Buzek Automotive* gegn *frankvæmdastjórn*, T-1/08, EU:T:2011:216, 65. mgr. o.áfr.

ríkisaðstoð gæti slík háttsemi, sem væri upphaflega í samræmi við markaðsaðstæður, orðið að ríkisaðstoð þegar um langvarandi greiðsludrátt er að ræða. ⁽³⁷⁾

- 64) Frá sjónarhóli almenns kröfuhafa er að sjálfsgöðu venjan að fullnusta kröfu sem er fallin í gjaldþaga. Það á einnig við ef fyrirtækið sem skuldar á við fjárhagslega erfiðleika að stríða eins og þegar um ógjaldfærni er að ræða. Almennir kröfuhafar væru almennt ekki tilbúnir til að samþykkja frekari greiðsludrátt við slíkar aðstæður ef þeir njóta ekki skýrs ávinnings af því. Þvert á móti væru skuldara sem kemst í fjárkröggur einungis veitt frekari lán með strangari skilmálum, t.d. með hærri vöxtum eða auknum tryggingum, þar eð endurgreiðslan er ekki örugg. Í einstökum málum getur verið unnt að réttlæta undanþágur þar sem skynsamlegra virðist fjárhagslega að forðast aðför. Þetta ætti við þegar greinilegt er að meiri líkur eru á því að innheimta mun stærra hluta krafna án aðfarar samanborið við aðrar mögulegar leiðir eða þegar koma má í veg fyrir mun meira afleitt tap með þessum hætti. Við tiltekna aðstæður getur það verið hagkvæmara fyrir almennan kröfuhafa að halda áfram rekstri fyrirtækis sem skuldar honum í stað þess að selja eignir þess og innheimta þá einungis hluta skuldarinnar. Þegar almennur kröfuhafi samþykkir að forðast fullnustu kröfu sinnar að fullu gerir hann almennt kröfu um að skuldarinn leggi fram frekari tryggingar. Þegar því verður ekki komið við, til dæmis þegar skuldarar eiga við fjárhagslega erfiðleika að stríða, leitar almenni kröfuhafinn eftir því að fá tryggingar fyrir hámarksgreiðslum ef fjárhagsstaða skuldarans batnar síðar. Ef skuldarinn leggur ekki fram nægar tryggingar eða skuldbindingar mundi almennur kröfuhafi almennt ekki samþykkja breytingu á endurgreiðslum skuldarinnar eða að veita skuldaranum frekari lán.
- 65) Að því er varðar upphaflega töf á uppgjöri greiðslna heldur Seðlabanki Íslands því fram að ekki sé hægt að telja greiðsluuppgjör Íslandsbanka í september 2009 og Kaupþings í nóvember 2009 töf vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem ríktu á Íslandi í kjölfar hruns bankakerfisins í október 2008. Frá hruninu og þar til kröfurnar voru gerðar upp stóð á Íslandi yfir heildarendurskipulagning bankanna með aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og veruleg óvissa var um sannvirði eigna bankanna. Seðlabanki Íslands þurfti því sem kröfuhafi tíma til að verðmeta á tilhlýðilegan hátt þær eignir sem voru notaðar til tryggingar. Eftirlitsstofnun EFTA hefur metið rökin og telur að Seðlabanki Íslands hafi hegðað sér í samræmi við meginregluna um almennan kröfuhafa varðandi upphaflegu töfina.
- 66) Eftirlitsstofnun EFTA þarf enn fremur að meta hvort almennur kröfuhafi með sambærilegar skammtímakröfur á gjaldþrota bankana hefði samþykkt yfirfærslu íbúðalánasafnanna við framangreindar aðstæður og samþykkt gerð lánessamninganna sem gerðir voru síðan við nýju bankana við sömu aðstæður.
- 67) Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að í kjölfar hruns Glitnis og Kaupþings haustið 2008 hafi Seðlabankinn komist í þá stöðu að óraunhæft var að búast við að ganga að tryggingum á borð við þær sem um er að ræða í málum Arion og Íslandsbanka. Með hliðsjón af því að lánasöfnin voru verulegur hluti af viðskiptamannagrunni Arion og Íslandsbanka gæti það hafa stofnað fjármálastöðugleika Arion og Íslandsbanka í hættu að ganga að slíkri tryggingu sem hefði knúið þessi fjármálafyrirtæki í þrot. Það hefði einnig valdið Seðlabankanum frekari stjórnunarkostnaði að ganga að tryggingunum. Ef lánasöfnin hefðu verið sett í sölu hefði Seðlabankinn enn fremur enga tryggingu fyrir ásættanlegri endurheimt og verulega ólíklegt var að fjárfestar með næga fjárhagslega burði hefðu verið tiltækir til að kaupa söfnin vegna markaðsaðstæðna á Íslandi á þeim tíma. Þar af leiðandi hefði það orðið til þess að Seðlabankinn hefði að lokum endurheimt minni hluta skammtímaskuldarinnar með því að taka íbúðalánasöfnin til eignar, hvort sem hefði verið með því að ganga að tryggingunum eða í kjölfar gjaldþrots.
- 68) Við þessar aðstæður ákvað Seðlabankinn því að ganga til lánessamninganna til að tryggja fulla endurgreiðslu krafna sinna, með vöxtum og án þess að þurfa að stofna til stjórnunarkostnaðar. Því var gengið til lánessamninganna til þess að ná þeim hámarksendurheimtum sem voru mögulegar á þeim tíma.
- 69) Á grundvelli þessa telur Eftirlitsstofnun EFTA að Seðlabankinn hafi leitast við að hámarka endurheimt krafna sinna með því að ganga til lánessamninganna.

⁽³⁷⁾ Sjá álit lögsögumannsins Jacobs í *DM Transport*, C-256/97, EU:C:1998:436, 38. mgr.

- 70) Eftirlitsstofnun EFTA þarf einnig að meta hvort skilmálar lánssamninganna, og einkum vaxtakjörin, hefðu verið almennum kröfuhafa nægilega verðmæt til að fullnægja meginreglunni um almennan kröfuhafa.
- 71) Í ákvörðun nr. 208/15/COL vakti Eftirlitsstofnun EFTA athygli á því að það hafi verið erfitt að ákvarða viðeigandi viðmið fyrir vexti meðan á fjármálakreppunni stóð. Til að bregðast við því hafa Íslandsbanki, Arion og Seðlabanki Íslands lagt fram frekari upplýsingar og athugasemdir.
- 72) Íslandsbanki heldur því fram að vextirnir hafi verið sambærilegir vöxtum sambærilegra eignavarinna skuldabréfa á þeim tíma. Skuldabréf Íslandsbanka er til tíu ára með 4,5% vöxtum, verðtrygðum við neysluverðsvísitölu og er yfirveðsett með 70% veðsetningarhlutfall. Vextirnir voru ákvarðaðir sem um það bil 50 grunnpunkta álag á ríkistryggð skuldabréf Íbúðalánasjóðs við útgáfudag. Til samanburðar voru algengir vextir í Evrópu fyrir sambærileg eignavarin verðbréf 40–80 grunnpunktum yfir ríkistryggðum bréfum. Íslandsbanki lagði einnig fram línurit sem sýnir að munurinn á álagi í Frakklandi, í Þýskalandi og á Spáni var á bilinu 40–160 grunnpunktar árið 2009.
- 73) Arion færir svipuð rök fyrir því að lánssamningur bankans við Seðlabankann hafi verið gerður miðað við markaðskjör. Arion ber hann meðal annars saman við sambærilega samninga gerða milli Landsbankans hf. (NBI) og Landsbanka Íslands hf. (LBI). Báðir samningarnir voru gerðir um svipað leyti, þ.e. í árslok 2009 og ársbyrjun 2010, og fólu í sér áþekkt uppgjör krafna. Samanburðurinn sýnir að skilmálar lánssamnings Arion hafi verið strangari en þeir sem voru í Landsbankasamkomulaginu sem var með þátttöku einkalánveitanda. Það virðist í raun vera að í Landsbankasamkomulaginu hafi verið krafist lægri vaxta, nafnverðsfjárhæð hafi verið hærra og trygging veikari og einhæfari en í lánssamningnum við Arion.
- 74) Í bréfi sínu dagsettu 31. mars 2015⁽³⁸⁾ lagði Arion fram nánari upplýsingar um sértryggðar skuldabréfaútgáfur og ótryggðar forgangsskuldabréfaútgáfur banka í Evrópu á tímabilinu 1. janúar 2009 til 31. desember 2010. Með hliðsjón af því að lánið sem Seðlabankinn veitti var aðallega tryggt með fasteignaveðum heldur Arion því fram að það sé sambærilegt við sértryggð skuldabréf sem gefin voru út af evrópskum bönkum á árinu 2009 þar sem veð í íbúðarhúsnæði voru notuð til tryggingar. Eins og getið er hér að framan var fjármögnunarálagið sem evrópskir bankar greiddu þá á bilinu 0,1% til 1,90% yfir millibankavöxtum og miðgildi álagsins var 0,72% samkvæmt gagnasafninu sem Arion lagði fram. Hæstu vextina fyrir sértryggð skuldabréf greiddu Írlandsbanki í september 2009 (1,9% yfir millibankavöxtum) og EBS Mortgage Finance á Írlandi (1,75% yfir millibankavöxtum) í nóvember 2009.
- 75) Seðlabanki Íslands heldur því einnig fram að skilmálar lánssamninganna, þ.e. vextir og trygging, hafi verið Seðlabankanum hagstæðir. Samkvæmt Seðlabanka Íslands kemur þetta greinilega fram í fyrirliggjandi upplýsingum um útgefna gerninga um allan heim (eins og Arion færði heimildir fyrir og sjá má hér að framan) og einnig miðað við skilmála annarra gerninga sem voru gerðir á þeim tíma, þ.m.t. í Landsbankasamkomulaginu.
- 76) Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að lánssamningarnir, sem voru gerðir milli Seðlabankans og bankanna, báru LIBOR-vexti + 3,00% og að þeir eru tryggðir með fasteignaveðum og öðrum eignum. Eins og kemur fram í upplýsingunum, sem Íslandsbanki og Arion lögðu fram, eru þessir vextir mun hærra en meðalvextir sambærilegra skuldagerninga sem voru gerðir á þeim tíma, og þeir voru auk þess hærra en hæsti fjármögnunarkostnaður nokkurs evrópsks banka sem notaði fasteignaveð til tryggingar á þeim tíma (þ.e. Írlandsbanki, millibankavextir + 1,9%). Eftirlitsstofnun EFTA telur þær upplýsingar um sambærilega skuldagerninga sem bankarnir lögðu fram vera áreiðanlegar og að þær gefi nákvæma mynd af markaðsaðstæðum þegar lánssamningarnir voru gerðir. Þar eð einkaaðilar komu sér saman um vextina telur Eftirlitsstofnun EFTA enn fremur að þeir eigi betur við sem viðmið til ákvörðunar á markaðsvöxtum á þeim tíma en skuldatryggingarálagið og vextirnir á íbúðabréfum sem kvartandi vísar til.

⁽³⁸⁾ Skjal nr. 753101.

- 77) Eftirlitsstofnun EFTA veur athygli á því varðandi lánessamninginn sem var gerður við Arion að nafnverðseining lánsins hafi verið erlendir gjaldmiðlar í stað íslenskrar krónu. Þessi breyting á nafnverðseiningu var hins vegar, eins og Arion benti á, í samræmi við skilmála uppgjörssamkomulagsins en þar var kveðið á um að Arion bæri að greiða vexti og afborganir í erlendri mynt að því marki sem bankinn gæti og að Arion gæti, að fenginni heimild frá lánveitanda, breytt nafnverðseiningu hluta skuldarinnar eða hennar allrar. Eins og var nefnt áður hefur Eftirlitsstofnun EFTA þegar kannað og samþykkt skilmála uppgjörssamkomulagsins í ákvörðun um aðstoð til endurskipulagningar Arion. Í ljósi þeirra þröngu skorða sem lagðar voru á fjármagnsflutninga yfir landamæri og gjaldeyrisviðskipti þeim tengd hefði almennur kröfuhafa enn fremur að öllum líkindum, eins og Arion benti á, frekar valið að nota erlenda mynt en íslenskar krónur. Slík breyting á nafnverðseiningu væri því kröfuhafanum í hag en ekki skuldarannum.
- 78) Að teknu tilliti til markaðspáttá á þessum tíma og framlagðra gagna kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að lánaskilmálarnir almennt, og einkum vextírmir, fyrir lánessamningana hefðu verið jafn ásættanlegir almennum kröfuhafa í sambærilegri lagalegri stöðu og að því er málsatvik varðar.
- 79) Með hliðsjón af því sem að framan greinir kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að lánessamningarnir milli Seðlabanka Íslands og, eftir því sem við á, Íslandsbanka og Arion hafi hvorki fært Íslandsbanka né Arion efnahagslegan ávinning.

1.3. Sérteki, röskun á samkeppni og áhrif á viðskipti milli aðildarríkja

- 80) Til þess að ráðstöfun fullnægi skilyrðum fyrir því að teljast ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður hún að vera sértek auk þess að vera til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Nú komst Eftirlitsstofnun EFTA hins vegar að þeirri niðurstöðu að enginn hefði notið efnahagslegs ávinnings í þessu máli og öllum samanlögðum skilyrðum, sem þurfa að vera til staðar til þess að um ríkisaðstoð sé að ræða, sé því ekki fullnægt og þarf Eftirlitsstofnun EFTA því ekki að leggja frekara mat á þetta.

2. Niðurstaða

- 81) Á grundvelli matsins, sem hér hefur verið lýst, er það afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að lánessamningarnir sem Seðlabanki Íslands gerði við Íslandsbanka og Arion feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Lánessamningarnir sem Seðlabanki Íslands og, eftir því sem við á, Íslandsbanki hf. og Arion banki hf. gerðu sín á milli fela ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Formlegri rannsókn er hér með lokið.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Íslands.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2016.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA,

Sven Erik Svedman

Forseti

Helga Jónsdóttir

Stjórnarmaður

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2017/EES/68/02

(mál M.8518 – MDP/HPS/Nevada/Towergate)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- HPS Investment Partners, LLC („HPS“), (Bandaríkjunum).
- Ardonagh Group Limited („Ardonagh“), (Bretlandi), sem er undir yfirráðum HPS.
- Madison Dearborn Partners, LLC („MDP“), (Bandaríkjunum).
- Nevada Investment Holdings 2 Limited („Nevada 2“), (Cayman-eyjum), sem er undir yfirráðum MDP.

HPS og MDP ná sameiginlegum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Ardonagh (þ.m.t. Towergate) og Nevada 2.

Samruninn á sér stað með kaupum á verðbréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- HPS: fjárfestingarfyrirtæki staðsett í Bandaríkjunum með fjárfestingar í breiðu úrvali fyrirtækja, m.a. váttryggingamiðlurum.
- Ardonagh: stýrir Towergate Insurance Limited („Towergate“), Autonet Insurance Services Ltd („Autonet“), Price Forbes & Partners Limited („Price Forbes“), Ryan Direct Group („RDG“) og Chase Templeton Limited („Chase Templeton“). Öll þessi fyrirtæki eru váttryggingarmiðlarar og einkum með starfsemi á sviði skaðatrygginga í Bretlandi.
- MDP: fjárfestingarfyrirtæki staðsett í Bandaríkjunum sem fjárfestir í óskráðum fyrirtækjum og með fjárfestingar í breiðu úrvali fyrirtækja, m.a. váttryggingamiðlurum.
- Nevada 2: eignarhaldsfélag í einkaeigu skráð á Cayman-eyjum sem var stofnað sem fjárfestingarfyrirtæki af hálfu MDP og HPS sem fer með eignarhald á Broker Network Limited og Countrywide Insurance Management Limited (einu nafni „Broker Network“). Broker Network er vettvangur í Bretlandi fyrir litla sjálfstæða tryggingarmiðlara, sem bjóða neytenda- og persónutryggingar í Bretlandi.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjút. ESB (C 361, 25.10.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8518 – MDP/HPS/Nevada/Towergate

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjút. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjút. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2017/EES/68/03****(mál M.8586 – TPC/JSR/UMG/UBE/MR)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Techno Polymer Co., Ltd. („TPC“, Japan), sem er undir yfirráðum JSR Corporation („JSR“, Japan).
- UMG ABS, Ltd. („UMG“, Japan), undir yfirráðum Ube Industries, Ltd. („UBE“, Japan) og Mitsubishi Chemical Corporation („MCC“, Japan, áður Mitsubishi Rayon Co., Ltd. – „MR“). MCC er endanlega í eigu Mitsubishi Chemical Holdings Corporation („MCH“, Japan).

JSR og UMG ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar yfir TPC.

Samruninn á sér stað með kaupum á eignum og hlutabréfum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- JSR: iðefnaframleiðslufyrirtæki, með kjarnastarfsemi á sviði jarðolíuafurða og sérunninna iðefna.
- TPC: dótturfélag alfarið í eigu JSR, með starfsemi á sviði aðfanga á resínefnum og blendi.
- UBE: fyrirtæki með starfsemi á sviði iðefna, lyfjavara, sements og efna fyrir byggingarstarfsemi, véla og orku og umhverfis.
- MCC: framleiðslufyrirtæki á sviðið iðefna, plastefna og trefja.
- MCH: fyrirtæki á sviði vara sem auka afköst, iðefnaframleiðslu, vara til notkunar í iðnaði, og heilbrigðisvara.
- UMG:sameiginlegt félag UBE og MCC, með starfsemi á sviði resína og blendi.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 358, 24.10.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8586 – TPC/JSR/UMG/UBE/MR

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.8640 – CVC/Blackstone/Paysafe)

2017/EES/68/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- CVC Capital Partners SICAV-FIS S.A. („CVC“, Lúxemborg).
- Blackstone Group L.P. („Blackstone“, Bandaríkjunum).
- Paysafe Group PLC („Paysafe“, Bretlandi).

CVC og Blackstone ná yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Paysafe.

Samruninn á sér stað í gegnum yfirtökuboð sem tilkynnt var 4. ágúst 2017.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- CVC: ráðgjöf til fjárfestingarsjóða og stjórnun fjárfestingarsjóða og vettvangs fyrir fjárfestingar.
- Blackstone: stýring fjárfestinga í sérhæfðum eignum um allan heim.
- Paysafe: þjónusta í tengslum við greiðslumiðlun vegna greiðslu á netinu og með farsímum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjút. ESB (C 358, 24.10.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8640 – CVC/Blackstone/Paysafe

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjút. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2017/EES/68/05****(mál M.8644 – AXA/NN Group/Portfolio)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Lindisfarne S.L. (Spáni), sem er hluti af samstæðunni AXA S.A („AXA“, Frakklandi).
- ESI One S.à.r.l. (Frakklandi), sem er hluti af AXA samstæðunni.
- Alterimmo Europe S.à.r.l (Frakklandi), sem er hluti af AXA samstæðunni.
- REI Spain B.V. (Hollandi), sem er hluti af NN Group N.V. („NN“, Hollandi).
- Eignasafn (Spáni).

AXA og NN ná í sameiningu óbeinum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir eignasafninu sem er staðsett á Spáni.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Lindisfarne S.L.: stýrir fasteignum sem það á með óbeinum hætti og stjórnar dótturfyrirtækjum sem eiga hagsmuni í fasteignum í eigu þess á Spáni.
- ESI One S.à.r.l: eigandi safns af fasteignum/eignum.
- Alterimmo Europe S.à.r.l: eigandi safns af fasteignum/eignum.
- REI Spain B.V.: kaup, eignarhald, stjórnun og ráðstöfun fasteigna og annarra eigna sem kunna að vera tekjumyndandi, þátttaka í stjórnun eða annast stjórnun annarra félaga eða fyrirtækja sem hafa svipuð markmið og veitir ábyrgð og tryggingu fyrir önnur fyrirtæki samstæðu og fyrir hönd þriðju aðila.
- Eignasafnið: samanstendur af 34 húsum með stúdentaíbúðum dreifast á milli 17 borga á Spáni.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 361, 25.10.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8644 – AXA/NN Group/Portfolio.

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2017/EES/68/06****(mál M.8671 – BP/Bridas/Axion)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- BP p.l.c. (Bretlandi).
- Bridas Corporation (Bresku-Jómfrúreyjum), sem er undir sameiginlegum yfirláðum Bridas Energy Holdings Ltd og China National Offshore Oil Corporation.
- Axion Energy Holding S.L. (Spáni), sem er sem stendur alfarið undir yfirláðum Bridas Corporation.

BP p.l.c. („BP“) og Bridas Corporation („Bridas“) munu ná yfirláðum í sameiningu, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Axion Energy Holding S.L. („Axion“).

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- BP: virk starfsemi á sviði leitar, vinnslu og markaðssetningar á jarðolíu og jarðgasi, einnig hreinsunar, aðfanga og flutnings á jarðolíuvöru, jarðolíuafurðum og tengdum vörum og óhefðbundinna orkugjafa.
- Bridas: starfsemi með óbeinum hætti á sviði leitar, þróunar, vinnslu, flutnings og markaðssetningar á jarðolíu og jarðgasi, markaðssetningar og flutnings á jarðolíuvörum, einnig söfnun, meðhöndlun, vinnsla og dreifing á jarðgasi og orkuframleiðsla, borun og þjónusta í tengslum við lindir, og hreinsun, vinnsla og sala á eldsneyti, smurefnum og tengdum afleiddum jarðolíuafurðum.
- Axion: starfsemi á sviði vinnslu á jarðolíu og sala á jarðolíuvörum og afleiddum vörum í Argentínu, Úrúgvæ og Paragvæ.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar. Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 361, 25.10.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8671 – BP/Bridas/Axion

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229 64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/68/07****(mál M.8453 – Nestlé/BPW)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. október 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8453. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/68/08****(mál M.8481 – ABP Food Group/Fane Valley/Linden Foods)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. september 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8481. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/68/09**
(mál M.8608 – ENGIE/La Caisse des Dépôts et consignations/CEOLFALRAM76)

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. október 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8608. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/68/10**
(mál M.8623 – Borealis/OTPP/SSE/Maple)

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. október 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8623. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/68/11**
(mál M.8646 – Platinum/Pattonair)

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. október 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8646. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/68/12**
(mál M.8659 – Equistone Partners Europe SAS/Groupe Bruneau)

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. október 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8659. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Upphaf málsmeðferðar
(mál M.8547 – Celanese/Blackstone/JV)

2017/EES/68/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. október 2017 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hinn tilkynnti samruni væri samrýmanlegur sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á hinum tilkynnta samruna og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Framkvæmdastjórnin hvetur þriðju aðila sem eiga hagsmuna að gæta að senda athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hinn fyrirhugaða samruna.

Svo unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (C 358, 24.10.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8547 – Celanese/Blackstone/JV), og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. mars 2017 þar sem lýst er yfir **2017/EES/68/14**
að samruni fyrirtækja samræmist innri markaðnum og framkvæmd EES-samningsins

(mál M. 7932 – Dow/DuPont)

Hinn 27. mars 2017 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun í samrunamáli samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar. Heildartexti ákvörðunarinnar á ensku en án trúnaðarupplýsinga er birtur á vef aðalskrifstofu samkeppnismála á eftirfarandi slóð: http://ec.europa.eu/comm/competition/index_en.html.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í
Bandalaginu**

2017/EES/68/15

Breyting á almannaþjónustukvöðum í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Bretland
Flugleið	Tingwall/Sumburgh – Fair Isle (Friðarey) Tingwall – Foula (Fugley) Tingwall – Papa Stour (Papey hin stóra) Tingwall – Out Skerries (Austursker)
Upphaflegur gildistökudagur almannaðjónustukvaða	30. desember 1997
Gildistökudagur breytinga	1. apríl 2018
Unnt er að nálgast texta útboðsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið	ZetTrans 6 North Ness Business Park Lerwick Shetland ZE1 0LZ BRETLAND Sími +44 1595744868 Netfang: zettrans@shetland.gov.uk Vefur: www.zettrans.org.uk

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur
flugþjónustu í Bandalaginu**

2017/EES/68/16

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir

Aðildarríki	Bretland
Flugleið	Tingwall/Sumburgh – Fair Isle (Friðarey) Tingwall – Foula (Fugley) Tingwall – Papa Stour (Papey hin stóra) Tingwall – Out Skerries (Austursker)
Samningstími	Þrjú valkostir Valkostur 1 – samningur frá 1. apríl 2018 til 31. mars 2019 Valkostur 2 – samningur frá 1. apríl 2018 til 31. mars 2020 Valkostur 3 – samningur frá 1. apríl 2018 til 31. mars 2022
Umsóknarfrestur og frestur til að skila tilboðum	20. desember 2017
Unnt er að nálgast texta útboðsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið	ZetTrans 6 North Ness Business Park Lerwick Shetland ZE1 0LZ BRETLAND Sími +44 1595744868 Netfang: zettrans@shetland.gov.uk Web: www.zettrans.org.uk

Auglýst eftir tillögum EACEA/27/2017

2017/EES/68/17

sankvæmt áætluninni Erasmus+

Lykilaðgerð 3 – Stuðningur við umbætur á stefnumálum

Sameiginleg menntun og hæfi við starfsmenntun og starfsþjálfun

1. Markmið

Heildarmarkmiðið með auglýsingunni er annars vegar, að auka ráðningarhæfi ungs fólks og leggja af mörkum til þróunar hæfs og hreyfanlegs vinnuafis með sérþekkingu sem fyrirtæki ættu einnig að njóta góðs af og hins vegar, að styðja þróun í starfsmenntun og starfsþjálfun og efla almennt gæði hennar, þýðingu og aðdráttarafl.

Árangursmarkmið auglýsingarinnar er að styðja undirbúning eða uppsetningu sameiginlegrar menntunar og hæfis við starfsmenntun og starfsþjálfun, m.a. æðri menntun eða við að bæta menntun og hæfi sem er til staðar.

Fjölþjóðleg menntun og hæfi ætti að fela í sér áreiðanlegt vinnutengt nám og hreyfanleika, umfjöllun um námsniðurstöðu, gæðatryggingu og viðurkenningu við hæfi, og nýta evrópsk verkfæri og tæki.

Sameiginleg menntun og hæfi hefur alla burði til þess að takast á við áskoranir sem felast í miklu atvinnuleysi meðal ungs fólks, misræmis milli framboðs og eftirspurnar á færni eða skorts á færni, auk þarfar fyrir meiri færni í einstökum starfsgreinum.

2. Styrkhæft samstarf

Samstarfshópar þurfa að vera frá að minnsta kosti tveimur mismunandi löndum sem eru aðilar að Erasmus+ áætluninni (þar af þarf annað þeirra að vera aðildarríki Evrópusambandsins):

- **28 aðildarríki Evrópusambandsins:** Austurríki, Belgía, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Króatía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland ⁽¹⁾,
- **lönd sem eru ekki aðilar að ESB en eiga aðild að áætluninni:** Makedónía (fyrrum lýðveldi í Júgóslavíu), Ísland, Liechtenstein, Noregur, Tyrkland.

Þar að auki ættu að vera í hverjum samstarfshópi að minnsta kosti þrjú aðilar, þ.m.t. eftirfarandi tvenn samtök:

- ein starfsmenntastofnun (á efra framhaldsskólastigi, viðbótarstigi og viðbótarstigi háskólastigs),
- eitt fyrirtæki (einkafyrirtæki eða opinbert fyrirtæki) eða samtök iðnaðar, verslunarmanna, handverksmanna eða atvinnuvega/fagsamtaka.

Einn þessara aðila tekur að sér hlutverk skipuleggjanda og sækir um Erasmus+ styrk fyrir hönd samstarfshópanna.

Önnur hlutgeng þáttökusamtök eru m.a.:

- viðeigandi yfirvöld á sviði menntunar og hæfis eða ígildi þeirra (á landsbundna eða svæðisbundna vísu eða eftir eftir atvinnugreinum). Þátttaka slíkra samtaka frá hverju landi sem tekur þátt í verkefninu svarar til kosta við mat á gæðum verkefnishópsins og fyrirkomulags samstarfsins,
- opinber staðar-, svæðis- eða landsyfirvöld,

⁽¹⁾ Umsækjendur frá Bretlandi: Vinsamlegast athugið að uppfylla þarf hlutgengisskilyrðin allan tímann á meðan styrkurinn er í gildi. Gangi Bretland úr Evrópusambandinu á gildistíma styrksins án þess að gerður sé samningur við Evrópusambandið sem tryggir sérstaklega að breskir umsækjendur séu áfram hlutgengir, verður fjármögnun hætt (en þáttöku haldið áfram þar sem kostur er) eða þess krafist að þáttöku í verkefninu sé hætt.

- aðilar vinnumarkaðarins (samþök vinnuveitenda og launþegasamtök),
- rannsóknarstofnanir,
- evrópsk regnhlífarsamtök,
- ráð sem stýra færni innan tiltekinna atvinnugreina, eða ígildi þeirra,
- opinberar vinnumiðlanir,
- æskulýðssamtök,
- foreldrasamtök,
- aðrar viðkomandi stofnanir.

3. Starfsemi og tilætlaður árangur

Starfsemin verður að hefjast milli 1. september 2018 og 1. nóvember 2018.

Hámarks lengd verkefna er 24 mánuðir.

Styrkþegar skulu takast á hendur eftirfarandi helstu starfsemi:

- Hanna eða bæta sameiginlega menntun og hæfi við starfsmenntun og starfsþjálfun, sem ætlað er að svara raunverulegri þörf á færni í löndunum, ásamt skyldubundnum samstarfsaðilum, með viðurkenningu menntunar og hæfis í hverju landi um sig fyrir augum.

Sameiginleg menntun og hæfi ættu að fela í sér skýrlega auðkenndar einingar:

- skilgreindar í gegnum ítarlega lýsingu á menntun og hæfi, sem felur í sér alhliða lýsingu á þeim námsniðurstöðum sem vænst er,
- gerð sameiginlegrar námskrár sem felur í sér áreiðanlegt vinnutengt nám og styður við hreyfanleika námsfólks yfir landamæri, fjölbjóðlega og milli byggða,
- og matsstöðlum til viðbótar.
- Setja upp nýja sjálfbæra samstarfsumgjörð til þess að tryggja gegnsæi, samanburðarhæfi, viðeigandi gæðatryggingarkerfi og gagnkvæma viðurkenningu menntunar og hæfis, um leið og núverandi verkefni eru gerð kerfisbundnari og markvissari.

Raunverulegur árangur sem áskilinn er á meðan verkefnið stendur yfir:

- Áætlun eða umbætur á menntun og hæfi við starfsmenntun og starfsþjálfun
 - áþreifanleg eða sjálfbær útkoma þegar sameiginlegri menntun og hæfi við starfsmenntun og starfsþjálfun er komið á, m.a. aukið gegnsæi, samanburðarhæfi og viðurkenning viðkomandi menntunar og hæfis,
 - þekking á því hvernig sérstakar þarfir fyrir færni verða samþættar þörfum vinnumarkaðarins í löndum/svæðum sem taka þátt í samstarfinu.
- Uppsetning á nýjum og sjálfbærum umgjörðum fyrir samstarf
 - sýna markvissa viðleitni til þess að auka ráðningarhæfi námsfólks við starfsmenntun og starfsþjálfun með því að betrubæta tækifæri til vinnutengds náms og innbyggðan hreyfanleika,
 - skapa samvirkni til langs tíma með það fyrir augum að auka aðdráttarafl starfsmenntunar og starfsþjálfunar til lengri tíma lítið.

Sýna þarf fram á að unnið verði að starfsáföngum verkefnisins eftir að fjármögnun af hálfu ESB er lokið.

4. Viðmið við úthlutun

Styrkhæfar umsóknir verða metnar til stiga samkvæmt eftirtöldum viðmiðum:

1. Þýðing verkefnisins (hámark 30 punktar – lágmark 16 punktar).
2. Gæði áætlunar fyrir verkefnið og framkvæmdar verkefnisins (hámark 25 punktar – lágmark 13 punktar).
3. Hversu traustur samstarfshópurinn er (hámark 25 punktar – lágmark 13 punktar).
4. Áhrif og dreifing (hámark 20 punktar – lágmark 11 punktar).

Svo fjárveiting komi til greina þurfa umsóknir að fá að minnsta kosti 60 stig (af 100 stigum samanlagt), einnig að teknu tilliti til tilskilins lágmarks fyrir hvert viðmið.

5. Fjárveiting

Áætluð heildarfjárveiting vegna samfjármögnunar verkefna er 6 milljónir evra.

Hámarkshlutfall ESB við samfjármögnun verður 80%.

Hver styrkur verður á bilinu 200 000 til 500 000 evrur. Gert er ráð fyrir að um 20 tillögur verði fjármagnaðar.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu ráðstöfunarfé.

6. Umsóknarfrestur

Umsóknir verða að berast eigi síðar en **kl. 12 að hádegi (Brussel-tíma) hinn 31. janúar 2018**.

Umsóknir verða að fullnægja eftirfarandi kröfum:

- þær verða að vera sendar á netinu, á réttu rafrænu umsóknareyðublaði,
- þær verða að vera á einu hinna opinberu tungumála ESB,
- umsóknunum verður að fylgja í viðhengi greinargóð lýsing á verkefninu ásamt hallalausri áætlaðri fjárhagsáætlun, á til þess gerðum eyðublöðum.

Umsóknum, sem ekki fullnægja þessum kröfum, verður hafnað.

7. Nánari upplýsingar

Leiðbeiningar ásamt rafrænum umsóknareyðublöðum er að finna á eftirfarandi vefslóð:

https://eacea.ec.europa.eu/erasmus-plus/funding/ka3-joint-qualifications-in-vocational-education-and-training_en

Umsóknirnar verða að fullnægja öllum skilmálum leiðbeininganna.

Auglýst eftir tillögum EACEA/26/2017

2017/EES/68/18

Áætlunin Erasmus+, lykilaðgerð 3 – Stuðningur við umbætur á stefnumálum

Samstarf við borgaraleg samtök á sviði menntunar og þjálfunar og æskulýðsstarfs

Inngangur

Samstarf við borgaraleg samtök á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsstarfs er mikilvægt svo þau telji sig eiga hlutdeild í stefnumótun á sviði símenntunar og í því skyni að taka tillit til hugmynda og áhyggjuefna hagsmunaaðila á öllum stigum. Mikilvægt er að efla vitund um stefnumörkun ESB um eflingu hagvaxtar og atvinnu, stefnumörkun í evrópsku samstarfi um menntun og þjálfun („ET2020“), sérstök stefnumið eins og Bologna-ferlið í æðri menntun eða Riga-Kaupmannahafnarferlið um starfsmenntun og starfsþjálfun, svo og evrópsku áætlunina um fullorðinsfræðslu og um æskulýðsstarf ESB. Samstarf þetta er mikilvægt til að tryggja virka þátttöku hagsmunaaðila í að hrinda í framkvæmd umbótum á stefnumálum í einstökum löndum, til að stuðla að þátttöku þeirra í áætluninni Erasmus+ og öðrum evrópskum áætlunum og til að miðla niðurstöðum stefnumörkunar, áætlunarinnar, svo og góðum starfsvenjum, fyrir tilstilli víðtækra aðildarneta sinna. Með skírskotun til þeirra starfsáætlana sem lagðar eru fram á grundvelli þessarar auglýsingar eru umsóknarssamtök einnig hvött til þess að tengja starfsemi sína við ár evrópskrar menningarflEIFðar 2018.

Í þessari auglýsingu eftir tillögum verður, innan þessa ramma, veitt fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tveimur flokkum:

1. Samstarf við borgaraleg samtök á sviði menntunar og þjálfunar (flokkur 1)
2. Samstarf við borgaraleg samtök á sviði æskulýðsstarfs (flokkur 2)

Athuga ber að samtök geta **aðeins sent inn eina umsókn** í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum, annaðhvort fyrir flokk 1 eða flokk 2, en ekki báða.

Í textanum hér á eftir er lýsing á sameiginlegum þáttum sem gilda um báða flokkana. Frekari upplýsingar sem varða einungis flokk 1 eða flokk 2 er að finna í [Stjtið. ESB C 348, 17.10.2017, bls. 8](#).

1. Almenn markmið

Tilgangurinn með þessari auglýsingu er að veita skipulagsaðstoð, sem vísað er til sem rekstrarstyrks, til frjálsra, evrópskra félagasamtaka og neta innan ESB sem eru virk á sviði menntunar og þjálfunar eða á sviði æskulýðsstarfs og hafa eftirfarandi almenn markmið:

- að efla vitund hagsmunaaðila um evrópsk stefnumið á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsstarfs, einkum Evrópu 2020, Menntun og þjálfun 2020, sérstök stefnumið eins og Bologna- eða Riga-Kaupmannahafnarferlið, evrópsku áætlunina um fullorðinsfræðslu, svo og um æskulýðsstarf ESB,
- að efla staðfestu og samstarf hagsmunaaðila við opinber yfirvöld um að hrinda í framkvæmd stefnumiðum og umbótum á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsstarfs, einkum um landsbundnum tilmælum sem voru gefin út í tengslum við evrópska skipulagstímabilið,
- að ýta undir þátttöku hagsmunaaðila á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsstarfs,
- að ýta undir þátt hagsmunaaðila í að breiða út stefnumið og áætlanaaðgerðir og niðurstöður og góða starfshætti meðal aðildarfélaga sinna og annarra.

Markmið þessi skulu vera greinilegur hluti starfsáætlana, starfsemi og starfsáfanga umsóknarstofnananna.

2. Hlutgengi**2.1. Hlutgengir umsækjendur**

Auglýsing þessi er opin tveimur flokkum samtaka:

- Flokkur 1: evrópsk félagasamtök á sviði menntunar og þjálfunar eða á sviði æskulýðsstarfs

- Flokkur 2: net innan ESB á sviði menntunar og þjálfunar eða á sviði æskulýðsstarfs

Samtökum er heimilt að leggja fram **einungis eina umsókn**, annað hvort í flokki 1 eða flokki 2.

Svo umsækjandi sé hlutgengur þarf að vera um að ræða:

- frjáls félagasamtök,
- starfsemi sem ekki er rekin í hagnaðarskyni.

Sjá nánar ítarlegar skilgreiningar á tveimur flokkum hlutgengra umsækjenda í hvorum flokki fyrir sig.

Landsbundnar Erasmus+ skrifstofur eða samtök þar sem aðilar eru að miklum meirihluta (2/3 eða meira) landsbundnar Erasmus+ skrifstofur teljast ekki hlutgeng samtök samkvæmt þessari auglýsingu.

2.2. Hlutgeng ríki

Tekið verður við umsóknum frá lögaðilum í eftirtöldum ríkjum:

- Aðildarríkjum Evrópusambandsins: Austurríki, Belgíu, Bretlandi, Búlgaríu, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Ítalíu, Króatíu, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Póllandi, Portúgal, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi,
Breskir umsækjendur: Vinsamlegast athugið að uppfylla þarf hlutgengisskilyrðin allan tímann á meðan styrkurinn er í gildi. Gangi Bretland úr Evrópusambandinu á gildistíma styrksins án þess að gerður sé samningur við Evrópusambandið sem tryggir sérstaklega að breskir umsækjendur séu áfram hlutgengir, verður fjármögnun hætt (en þátttöku haldið áfram þar sem kostur er) eða þess krafist að þátttöku í verkefninu sé hætt á grundvelli samstarfssamningsins eða samningsins um rekstrarstyrki (gr. II.16.2.2(a) eða almenn skilyrði II.16.2.1(a), í þeirri röð,
- þeim aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EES): Íslandi, Liechtenstein og Noregi,
- umsóknarríkjum sem njóta áætlunar um slík ríki, í samræmi við þau grundvallarsjónarmið og þá almennu skilmála sem mælt er fyrir um í rammasamningum sem gerðir hafa verið við þessi ríki með tilliti til þátttöku þeirra í áætlunum Evrópusambandsins: Makedóníu, fyrrum lýðveldi í Júgóslavíu, og Tyrklandi.

3. Tilhögun fjármögnunar

Auglýsing þessi eftir tillögum gerir kleift að sækja um:

- samstarfssamninga (flokkur 1 – menntun og þjálfun og flokkur 2 – æskulýðsstarf, og
- árlega rekstrarstyrki (gildir einungis um flokk 2 – æskulýðsstarf).

Samtök mega leggja fram **einungis eina umsókn**, annað hvort um samstarfssamning eða árlegan rekstrarstyrk.

3.1. Rammasamningur

Með **rammasamningum** (FPA) eru komið á samstarfi til langs tíma á evrópskum vettvangi. Samningur af þessu tagi formfestir samstarfið í þrjú ár.

Með umsóknum um rammasamning verður að fylgja:

- nákvæm 12 mánaða starfsáætlun (árleg starfsáætlun) fyrir árið 2018, ásamt nauðsynlegum upplýsingum til að unnt sé að reikna út styrkinn (sjá leiðbeiningar fyrir umsækjendur, kafla 11.2),
- þriggja ára stefnumörkun fyrir tímabilið 2018-2020.

Með þriggja ára áætluninni ber að setja fram stefnumörkun, m.a. markmið, væntanlegan árangur og starfsáfangar fyrir tímabilið 2018-2020, bæði í heild og fyrir hvert ár um sig, auk aðgerða sem gripið verður til svo tryggja megi að hún nái fram að ganga.

Byggja verður árlega vinnuáætlun á stefnumörkuninni sem sett er fram fyrir tímabilið 2018-2020 og verður grundvöllur þess að veittur verður rekstrarstyrkur fyrir fjárhagsárin þrjú sem um ræðir. Sýna verður með skýrum hætti fram á samræmi árlegra þátta áætlunarinnar og áætlunarinnar í heild og hvernig þetta vinnur saman.

3.2. Árlegur rekstrarstyrkur (gildir einungis um flokk 2 – æskulýðsstarf)

Árlegir rekstrarstyrkir beinast að skammtíma samstarfi á evrópska vísu.

Umsóknir um árlega rekstrarstyrki verða að fela í sér nákvæma 12 mánaða starfsáætlun (árlega starfsáætlun) fyrir árið 2018, ásamt nauðsynlegum upplýsingum til að unnt sé að reikna út styrkinn.

4. Viðmið við úthlutun

Styrkhæfar umsóknir verða metnar til stiga samkvæmt eftirtöldum viðmiðum ⁽¹⁾:

- Þýðingu (hámark 30 punktar),
- gæðum útfærslu og framkvæmdar starfsáætlunarinnar (hámark 20 punktar),
- lýsingu, fjölda þáttakenda og landa sem koma að starfseminni (hámark 20 punktar),
- áhrifa, útbreiðslu og sjálfbærni (hámark 30 punktar).

Til þess að tillögur komi til álita við fjármögnun verða þær að fá

- að minnsta kosti 60 punkta samanlagt, og
- að minnsta kosti helming hámarkspunktafjölda í hverju úthlutunarviðmiði hér að ofan (15 punkta fyrir viðmiðin „þýðingu“ og „áhrif, útbreiðsla og sjálfbærni“, 10 punkta fyrir viðmiðin „gæði útfærslu og framkvæmdar starfsáætlunarinnar“ og „lýsing, fjöldi þáttakenda og landa sem koma að starfseminni“).

5. Fjárveiting

Heildarfjárveitingin sem verður veitt á árinu 2018 í tengslum við þessa auglýsingu (flokkar 1 og 2) er 6 500 000 EUR, og verður úthlutað sem hér segir:

- Þáttur 1 – Menntun og þjálfun, 2 500 000 EUR
- Þáttur 2 – Æskulýðsstarf, 4 000 000

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu ráðstöfunarfé.

6. Tilhögun umsókna

Umsóknir verður að senda á rafrænu eyðublaði fyrir styrkumsóknir (eForm).

Rafræna eyðublaðið er að finna á ensku, frönsku og þýsku á eftirfarandi slóð:

http://eacea.ec.europa.eu/erasmus-plus/funding_en

og skal það vera rétt útfyllt á einu hinna opinberu tungumála Evrópusambandsins.

Rétt útfyllt rafrænt umsóknareyðublað verður að senda inn með rafrænum hætti fyrir **kl. 12 á hádegi 14. desember 2017 (Brussel-tíma)**, ásamt viðeigandi fylgiskjölum ⁽²⁾:

1. Heiðursyfirlýsing
2. Ítarleg stefnumörkun fyrir tímabilið 2018-2020

(skylda í flokki 1 – menntun og þjálfun og aðeins hvað varðar rammameninga í flokki 2 – æskulýðsstarf)

⁽¹⁾ Um nánari upplýsingar um úthlutunarviðmiðin er vísað til 9. kafla leiðbeininganna fyrir umsækjendur.

⁽²⁾ Önnur stjórnsýsluskjöl sem gerð er krafa um í leiðbeiningunum fyrir umsækjendur ber að senda með tölvupósti til framkvæmdastofnunar menntamála, hljóð- og myndmiðlunar og menningar í síðasta lagi 14. desember 2017 (á hádegi að Brussel-tíma) á eftirfarandi netfang:

Flokkur 1: EACEA-CIVIL-EDU@ec.europa.eu - Lot 2: EACEA-YOUTH@ec.europa.eu

Senda verður önnur tilskilin fylgiskjöl ⁽¹⁾ til framkvæmdastofnunarinnar innan sama frests.

7. Nánari upplýsingar

Umsóknir verða að vera í samræmi við ákvæði sem er að finna í leiðbeiningum fyrir umsækjendur vegna auglýsingar eftir tillögum EACEA/26/2017 og er þær að finna á eftirfarandi slóð:

http://eacea.ec.europa.eu/erasmus-plus/funding_en

Netfang:

Flokkur 1: EACEA-CIVIL-EDU@ec.europa.eu

Flokkur 2: EACEA-YOUTH@ec.europa.eu

⁽¹⁾ Nánari upplýsingar um fylgiskjölin sem senda ber er að finna í 14. kafla leiðbeininganna fyrir umsækjendur.